FRÉTTABLAÐIÐ

177. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 14. ÁGÚST 2020

Meirihlutinn í borginni bætir við sig

Flokkarnir í meirihluta borgarstjórnar mælast með um 58 prósenta fylgi í nýrri könnun. Þeir myndu bæta við sig þremur fulltrúum. Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur en tapar fylgi frá kosningum.

REYKJAVÍK „Þetta eru gríðarlega sterkar niðurstöður fyrir meirihlutann. Að mælast samtals með tæp 58 prósent á miðju kjörtímabili er magnaður árangur. Ég er mjög stoltur af hópnum og þakklátur fyrir stuðninginn," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um niðurstöður nýrrar könnunar um fylgi flokka í borgarstjórn.

Samkvæmt könnuninni sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið mælast flokkarnir fjórir í meirihlutanum samtals með 57,9 prósenta fylgi samanborið við 46,4 prósent í kosningunum vorið 2018. Miðað við niðurstöður könnunarinnar myndi meirihlutinn fá 15 borgarfulltrúa af 23 en hefur í dag 12.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkurinn líkt og í kosningunum og í könnun sem gerð var í október 2018. Flokkurinn mælist nú með 23,4 prósent en fékk 30,8 prósent í kosningunum.

„Við erum langstærsti flokkurinn miðað við þessa könnun. Fylgið dreifist mjög mikið eins og stundum gerist á miðju kjörtímabili. Síðan er reynslan sú að valkostirnir verða skýrari fyrir kosningar. En þetta er bara brýning til okkar að vera sterkur valkostur við meirihlutann," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

Fylgið í borginni



Píratar eru þriðji stærsti flokkurinn samkvæmt könnuninni, með 15,9 prósent en flokkurinn fékk 7,7 prósent í kosningunum.

„Þessi könnun sýnir að Píratar eru komnir til að vera. Við höfum sýnt það í verki að við erum stjórntækur flokkur. Niðurstöðurnar sýna líka að borgarbúar velja framtíðina. Ég held að það séu stóru fréttirnar í þessu," segir Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, um niðurstöðurnar. – sar / sjá síðu 6

Ekki voru margir á ferli í miðbæ Reykjavíkur í gær því ausandi rigning var í höfuðborginni. Þessi pönkari sem gekk á Laugaveginum í gær þurfti að sætta sig við að vera með blautan hanakamb. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísfélagið leggst gegn sjókvíaeldi

ATVINNUMÁL Ísfélag Vestmannaeyja mótmælir tillögum Hafrannsóknastofnunar um sjókvíaeldi í Arnarfirði og fjörðum inn af honum. Ísfélagið keypti í fyrra jörðina Neðri-Dufansdal í Fossfirði sem gengur inn af Arnarfirði. Telur Ísfélagið afmörkun sjókvíaeldis 250 metra frá ós Dufansdalsár vera bæði andstæða reglugerð og myndu rýra verðmæti jarða á svæðinu.

Í umsögn Ísfélagsins segir að sjókvíaeldið sé mjög íþyngjandi fyrir landeigendur. Þá ætti leyfi Fjarðalax til sjókvíaeldis í Fossfirði að vera fallið úr gildi, í raun sé óskiljanlegt að auglýst sé tillaga um fiskeldi á svæði sem starfsleyfi Fjarðalax taki til. – gar / sjá síðu 8

Bæta upp fyrir ferðamennina

EFNAHAGSMÁL Nýjar tölur um kortaveltu innanlands sýna að eyðsla erlendra ferðamanna hérlendis hefur dregist verulega saman. Íslendingar hafa þó að einhverju leyti bætt upp brotthvarf erlendra ferðamanna með aukinni einkaneyslu.

Vilborg Helga Júlíusdóttir

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að tölurnar komi ekki á óvart. – þþ / sjá síðu 4

Veður



Suðvestan 8-13 og léttskýjað í dag en hvassari norðan til og austan Öræfa. Hiti yfirleitt 10 til 15 stig, en 15 til 22 stig austanlands.
SJÁ SÍÐU 18

Sóttvarnalæknir býst við að fleiri muni greinast með smit á næstunni.

Þurfum að lifa með veirunni næstu mánuði

COVID-19 Sex greindust með smit innanlands í fyrradag, þar af voru þrír í sóttkví. Einn þeirra sem greindust er búsettur í Vestmannaeyjum en aðrir á höfuðborgarsvæðinu. Í gær voru 116 manns í einangrun og 720 í sóttkví. Fram kom á fundi almannavarna að sjúklingurinn sem lá á gjörgæslu hefði verið útskrifaður þaðan í fyrradag.

Tíu íbúar á hjúkrunarheimilinu Hamrar í Mosfellsbæ og fjórir starfsmenn hafa verið sendir í sóttkví eftir að starfsmaður þar greindist með COVID-19. Sá var nýkominn úr fríi þegar smitið uppgötvaðist.

„Við eigum eftir að sjá hvort þessi tilfelli í gær tilheyri sömu hópsýkingu og við höfum verið að fást við," sagði Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir á fundinum. Smitið sé útbreitt og skjóti enn upp kollinum hér og þar í samfélaginu.

Þórólfur á von á að fleiri smit bætist við á næstunni. „Ég á von á, því miður, að við þurfum að lifa með þessari veiru næstu mánuði og jafnvel lengur en það," sagði Þórólfur. „Að lifa með veirunni þýðir bæði að lifa með sýkingum af völdum veirunnar sem gengur nú og einnig að lifa með þeim ráðstöfunum sem henni fylgja."

Þá ráðleggur hann fólki að fara varlega í veislum þar sem áfengi er við hönd. Sagði hann í kvöldfréttum Stöðvar 2 að það sé ástæðan að baki takmörkunar opnunartíma vínveitingastaða. **– kdí**

Drungaleg Gunilla

Skútan Gunilla kom í heimsókn til Reykjavíkur í gær. Veðrið var því miður af verri toganum og minnti skútan einna helst á drungalegt málverk. Um borð eru menntaskólanemar frá eyjunni Öckerö, sem er skammt fyrir utan Gautaborg í Svíþjóð. Hafa nemendurnir verið tvær vikur á sjó á leiðinni til Íslands. Samkvæmt spá Veðurstofunnar má þó búast við að viðri betur á skipverjana í dag því heldur á að létta til. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Metfjöldi nýrra nemenda í HR

MENNTAMÁL Metfjöldi nýnema, eða 1.700 í grunn-, meistara- og doktorsnámi, mun hefja nám við Háskólann í Reykjavík í haust. Það er um 20 prósenta fjölgun frá síðasta ári, að því er fram kemur í tilkynningu

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir að unnið hafi verið hörðum höndum að því að nemendur geti stundað nám sitt sem mest í skólanum og nýtt aðstöðuna þar innan marka sóttvarnareglna.

„Það er fagnaðarefni að unnt sé að hefja skólaárið með eins metra fjarlægðartakmörkunum í stað tveggja, eins og við höfðum gert ráð fyrir. Það gerir okkur kleift að sinna fleiri nemendum á staðnum á sama tíma og allt háskólastarfið verður fyrir vikið eðlilegra," segir Ari Kristinn.

Fyrirlestrum verður streymt eða þeir teknir upp og settir á netið. Lögð verður áhersla á að nemendur geti mætt í verklega tíma, dæma- og umræðutíma og aðra tíma sem byggja á viðveru og samstarfi. **– sar**

Hópfjármagna lausn fyrir einhverf börn

Eftir að sonur Zitu og Peters greindist með einhverfu þurftu þau að finna leið til að hjálpa honum að takast á við daglegt líf. Zita ákvað að hanna skipulagsspjöld fyrir son sinn og vonast nú til að fleiri börn geti notið góðs af þeim.

SAMFÉLAG Grafíski hönnuðurinn Zita Major og eiginmaður hennar, ljósmyndarinn Peter Garajszki, hafa hrint af stað hópsöfnun í gegnum Karolina Fund fyrir sérstökum skipulagsseglum fyrir einhverfa.

Sonur Zitu og Peters greindist með einhverfu fyrir þremur árum og spratt hugmyndin að seglunum út frá því.

Að sögn Zitu komust þau fljótlega að því að sonurinn ætti það til að missa stjórn og brotna saman í ákveðnum aðstæðum en vissu ekki almennilega hvað ylli því. Dóttir þeirra fæddist um svipað leyti og héldu þau fyrst að hann væri einfaldlega afbrýðisamur.

Síðar kom þó í ljós að flest köstin hans væru tilkomin vegna óöryggis þar sem hann hafði ekki stjórn á aðstæðum og athyglin hafði færst frá honum.

„Heimurinn sem við sáum var ekki eins hjá honum, fyrir honum var heimurinn á hvolfi og honum leið ekki vel vegna þess," segir Zita.

Til þess að hjálpa honum að takast á við daglegt líf fengu þau skipulagsspjöld frá leikskólanum en að sögn Zitu voru myndirnar á spjöldunum einfaldar og heldur ómerkilegar. Eftir að hafa leitað árangurslaust á netinu að öðrum spjöldum ákvað hún að gera sín eigin spjöld.

Zita hannaði og málaði fígúrurnar á spjöldunum sjálf og fengu þær nafnið Emotiblots. Að hennar sögn gera þær sjónræna skipulagið heildrænna og börn elska þær.

„Við notum spjöldin á hverjum einasta degi og höfum gert það í tvö ár, jafnvel með dóttur okkar sem er ekki með einhverfu," segir Zita.

Eftir að hafa deilt myndunum á vefsíðu sinni fann hún fyrir miklum áhuga, meðal annars var fjallað um myndirnar á ungverskum fréttamiðli en hjónin fluttu frá Ungverjalandi til Íslands fyrir ellefu árum.

Zita hannaði og málaði myndirnar og stefnir ásamt eiginmanni sínum, Peter, á að hægt verði að framleiða seglana fyrir jól. MYND/PETER GARAJSZKY

> **Við notum spjöldin á hverjum einasta degi og höfum gert það í tvö ár, jafnvel með dóttur okkar sem er ekki með einhverfu.**
>
> Zita Major

Í kjölfarið fór hún að skoða það að hefja framleiðslu á myndunum og ákvað að lokum að myndirnar yrðu settar á viðarsegla.

„Mig langaði að gera þetta í mars og ég auglýsti meira að segja allt í janúar, en síðan komu leikskólaverkföllin og COVID," segir Zita. Hún telur að nú sé rétti tíminn til að koma ferlinu aftur af stað og ákvað að velja hópfjármögnun þar sem það væri gott tól til að sjá hvað fólk vill.

Markmiðið er að safna að minnsta kosti ellefu þúsund evrum fyrir 11. september en að sögn Zitu er það lágmarksupphæðin sem þarf að safnast svo hægt sé að ganga frá lagalega ferlinu og hefja framleiðslu.

„Við stefnum á að senda seglana út í tæka tíð fyrir jólin svo allir gætu tryggt sér það fyrir þann tíma. Auðvitað fer það eftir því hvernig ferlið gengur en við vonumst til þess að það gangi eftir. Við erum nú þegar búin að hanna seglana þannig að það þyrfti bara að framleiða þá."

fanndis@frettabladid.is

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur. Ökum allsgáð.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Nánar á frettabladid.is

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

epal

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Landlæknir segir grímur ekki koma í stað almennra smitvarna.

Mælir ekki með almennri grímunotkun

COVID-19 Alma Möller landlæknir ítrekaði á upplýsingafundi almannavarna í gær að að ekki væri mælt með almennri grímunotkun heldur ætti aðeins að nota grímur ef ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga. Mikilvægt sé að þær hylji bæði nef og munn. Þá komi þær ekki í stað almennra smitvarna.

Að sögn Ölmu eru einkum um þrjár gerðir af grímum að ræða, en þær eru einnota, sem þarf að skipta um ef þær blotna eða að minnsta kosti á fjögurra klukkutíma fresti, fjölnota úr taui, sem þarf að þrífa daglega, og að lokum eru grímur sem eingöngu eru ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki.

Samkvæmt könnun verðlagseftirlits ASÍ er mikill verðmunur á þriggja laga einnota andlitsgrímum.

Lægsta stykkjaverðið var í Krambúðinni, 49 krónur, en það næstlægsta í Costco, 56 krónur, í pakka með 50 grímum.

Hæsta stykkjaverðið var í Eirbergi, 298 krónur, í pakka með 20 grímum. **– fbl**

Heitavatnslaust eftir helgi

SAMFÉLAG Veitur munu loka fyrir rennsli heits vatns í Hafnarfirði, hluta Garðabæjar, efri byggðum Kópavogs og Norðlingaholti í Reykjavík í um 30 klukkustundir eftir helgi. Áætlað er að um 50 þúsund manns verði heitavatnslaus frá klukkan 2.00 aðfaranótt 18. ágúst til klukkan 9.00 að morgni 19. ágúst, frá þriðjudegi fram á miðvikudag. Ástæðan er tenging nýrrar stofnlagnar hitaveitunnar við Árbæ. Verið er að fjölga heimilum sem fá heitt vatn frá virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum. **– ab**

LEIÐRÉTTING

Shohei Watanabe var ranglega kvenkenndur í myndatexta á tímamótasíðu blaðsins 11. ágúst. Hann og aðrir lesendur eru beðnir velvirðingar.

Einkaneysla hjá Íslendingum í sumar bætti upp erfitt vor

Nýjar tölur um kortaveltu innanlands sýna það sem búist var við. Eyðsla erlendra ferðamanna hérlendis hefur dregist verulega saman milli ára. Ljósið í myrkrinu er að einkaneysla Íslendinga tók verulega við sér í sumar eftir að hafa dregist talsvert saman í vor þegar fyrsta bylgja faraldursins reið yfir af þunga.

EFNAHAGSMÁL Kortavelta innanlands bendir til þess að Íslendingar hafi að einhverju leyti bætt upp brotthvarf erlendra ferðamanna með aukinni einkaneyslu. Þetta má lesa út úr tölum um greiðslumiðlun sem Seðlabanki Íslands birti í gær.

Eins og gera mátti ráð fyrir hefur velta erlendra korta hrapað það sem af er ári miðað við sama tíma í fyrra. Á fyrstu sjö mánuðum ársins 2019 var heildarvelta erlendra greiðslukorta 138,7 milljarðar króna hér á landi. Það sem af er árinu 2020 er kortaveltan hins vegar aðeins 47,5 milljarðar króna. Mismunurinn er 91,5 milljarðar króna og munar svo sannarlega um minna inn í íslenskt hagkerfi. Rétt er að geta þess að tölurnar eru ekki leiðréttar fyrir verðbólgu en á móti kemur að verðbólga hefur verið óveruleg.

Ljósið í myrkrinu þegar tölurnar eru skoðaðar er það að einkaneysla Íslendinga innanlands hefur ekki beðið skipbrot. Það er eitthvað sem allt eins hefði getað gerst enda var mörgum stöðum þar sem einkaneysla landans fer fram, meðal annars veitingastöðum, börum og hár- og snyrtistofum, lokað á meðan fyrsta bylgja kórónaveirufaraldursins gekk yfir. Það var því ekki sjálfgefið að einkaneysla Íslendinga myndi taka svo vel við sér að hún bætti að megninu upp þessa erfiðu mánuði.

Á sama tímabili hefur kortavelta Íslendinga innanlands nefnilega nánast staðið í stað en talsverðar sveiflur hafa verið milli mánaða, eins og áður kemur fram.

Þannig eyddu Íslendingar ellefu milljörðum króna meira innanlands í júlí síðastliðnum en í júlí í fyrra en mars og apríl voru afar þungir. Niðurstaðan samkvæmt tölum Seðlabankans er því sú að velta Íslendinga fyrstu sjö mánuði ársins í ár var um 504 milljarðar króna en árið 2019 var veltan 501 milljarður króna á sama tímabili.

Samandregið þýðir það að heildarvelta innlendra og erlendra greiðslukorta á Íslandi hefur numið um 551 milljarði króna það sem af er árinu 2020 en á sama tímabili í fyrra hljóðaði sú tala upp á 640 milljarða króna.

„Ég get ekki sagt að þessar tölur komi okkur á óvart. Þær staðfesta í raun það sem við vissum og höfum talað um frá upphafi faraldursins, að ferðaþjónustan hefur fengið þungt högg," segir Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ferðagleði og einkaneysla Íslendinga innanlands hafi vissulega bjargað mörgum en ekki megi gleyma því að neysluhegðun Íslendinga er önnur en erlendra ferðamanna. „Þar má til dæmis benda á hótelin á höfuðborgarsvæðinu. Uppistaðan af viðskiptavinum þeirra eru erlendir ferðamenn," segir Vilborg Helga.

bjornth@frettabladid.is

Ferðamönnum hefur fækkað mjög vegna COVID-19 faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég get ekki sagt að þessar tölur hafi komi okkur á óvart.

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur SAF

Kortavelta erlendra ferðamanna í milljörðum kr.

	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júlí	samtals
2020	14	14,1	6,2	0,4	0,8	2,4	9,6	47,5
2019	15,1	15,8	18,3	14,6	18,8	24,9	31,2	138,7

Heildarvelta innanlands í milljörðum kr.

	jan	feb	mars	apr	maí	júní	júlí	samtals
2020	78,2	79,2	68,7	58	79,4	88,9	98,9	551,3
2019	80,2	79,4	88,6	85,4	95,3	100,2	111,1	640,2

Fiskibollurnar rjúka út á Kópaskeri

FERÐALÖG „Við erum afar ánægð með sumarið. Íslenskir ferðamenn hafa sem betur fer bætt upp það hrun sem hefur orðið í komu erlendra ferðamanna," segir Inga Sigurðardóttir, sem rekur verslunina og veitingastaðinn Skerjakollu á Kópaskeri, ásamt manni sínum Guðmundi Baldurssyni.

Óhætt er að segja að þau hjónin hafi puttann á púlsinum varðandi ferðaþjónustu bæjarins því Skerjakolla er með einokunarstöðu á markaðinum á Kópaskeri svo notuð séu orð Ingu.

„Við erum búin að vera með þennan rekstur í sex ár og hingað hafa aðallega komið erlendir ferðamenn. Við höfum því talsverðar áhyggjur af sumrinu en þær reyndust óþarfar," segir Inga.

Hún segist ekki hafa undan að steikja fiskibollur á veitingastaðnum. „Þær eru orðnar heimsfrægar og birtust í einhverri ferðabók. Hingað hafa komið erlendir ferðamenn og sagst vilja fiskinn í bókinni. Þær eru búnar til úr fiski sem er spriklandi að morgni dags og það kunna útlendingar og Íslendingar vel að meta," segir Inga.

Frægt er fárviðrið sem myndaðist þegar leikkonan Þórdís Björk Þorfinnsdóttir lét í gríni miður falleg orð um Kópasker og Raufarhöfn falla í sumar. Inga segist fullviss um að það skýri ferðamannastraumsinn að hluta. „Það minnast margir gestir á það mál. En svo held ég líka að margir Íslendingar séu í fyrsta skipti í löngu sumarfríi hérlendis og vilji skoða staði sem þeir hafa ekki heimsótt áður." **– ab**

Inga Sigurðardóttir og Guðmundur Baldursson. MYND/SIGGI BAHAMA

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

15% afsláttur

Hamborgara kartöflubrauð

229 kr/pk

Smash Style hamborgarar
2 x 120 g

509 kr/pk
Verð áður 599 kr/pk

Okkar eigið Spicy majo

379 kr/stk

Tilboð gilda út 16. ágúst

25% afsláttur

Sérvalið íslenskt lambalæri
með ferskum kryddjurtum

2.174 kr/kg
Verð áður 2.899 kr/kg

15% afsláttur

Grillbringur
Spicy Lemon, Black Garlic
og Churrasco

2.209 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg

15% afsláttur

Lambalærissneiðar með
salvíu, oregano og chilli

2.719 kr/kg
Verð áður 3.199 kr/kg

20% afsláttur

Aviko franskar
Steikar og sætar

Verð nú frá **415** kr/pk
Verð áður frá 519 kr/pk

Sweet Baby Ray´s
BBQ sósa

449 kr/stk

Rib world grísarif
Þarf aðeins að hita

1.099 kr/pk

Margir saman að versla?
Við hvetjum viðskiptavini að fjölmenna ekki í verslanir og að heimili sendi (ef mögulegt er) aðeins einn aðila til að sjá um innkaupin.

HAGKAUP

Gjald til presta fyrir athafnir hækkar um 8,5 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Gjaldskrár hækka fyrir athafnir þjóðkirkjunnar

TRÚMÁL Þann 24. júlí síðastliðinn var gjaldskrá þjóðkirkjunnar fyrir aukaverk presta, svo sem skírnir og fermingar, hækkuð um um það bil 8,5 prósent. Samkvæmt nýjum lögum ber kirkjuþingi að gera gjaldskrána en áður var hún gerð af ráðherra. Þar sem fresta þurfti kirkjuþingi í tvígang vegna heimsfaraldursins greip kirkjuráð til þess neyðarúrræðis að setja gjaldskrá.

Sem dæmi hækkar ferming um 1.631 krónu, hjónavígsla um 1.060 krónur, skírn um 571 krónu og útför um 2.121 krónu. Peningarnir renna ekki til kirkjuráðs eða sókna heldur prestanna sjálfra og er þetta því mismikið hagsmunamál fyrir þá eftir því hversu mörgum athöfnum þeir sinna. Síðasta gjaldskrá var sett á árið 2017.

Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi og kirkjuráðsmaður, segir ákvörðunina hafa verið neyðarráðstöfun. Engu að síður hafi hann sett sig upp á móti henni af prinsippástæðum.

„Þarna var kirkjuráð að gera breytingar á gjaldskrá sem strangt til tekið er kirkjuþings að gera," segir Stefán. „Í ljósi þeirra umbreytinga sem hafa orðið eftir samninga milli ríkis og kirkju taldi ég eðlilegt að breytingin ætti að bíða kirkjuþings í september."

Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður Prestafélagsins og sóknarprestur í Hveragerði, segir félagið sátt við gjaldskrárbreytinguna sem sé í samræmi við lög og reglur sem gilt hafi um aukaverk presta. „Hækkunin er ekki mikil frá 2017 þegar gjaldskráin var síðast uppfærð," segir hún.

Ninna segir útilokað að segja hversu stór hluti af heildartekjum presta þetta sé, enda mjög mismunandi milli þeirra. Myndi það koma henni á óvart ef breytingar yrðu gerðar á kirkjuþingi. – **khg**

Miklar sveiflur í fylgi frá síðustu kosningum

Borgarstjóri er ánægður með góðan stuðning við meirihlutann þótt flokkur hans missi fylgi. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur málefnalega gagnrýni flokksins munu skila sér. Oddviti Pírata er stoltur af verkum meirihlutans.

REYKJAVÍK Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkurinn í borginni samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið en tapar fylgi frá síðustu kosningum. Flokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 23,4 prósent en fékk 30,8 prósent í kosningunum.

Samfylkingin mælist næststærsti flokkurinn með 19,4 prósent en flokkurinn fékk 25,9 prósent í síðustu kosningum. Hinir þrír flokkarnir í meirihlutanum bæta hins vegar allir við sig fylgi, bæði frá kosningunum og síðustu könnun.

Píratar mælast nú með 15,9 prósent sem er rúmlega tvöföldun á fylginu í síðustu kosningum. Vinstri gradditional bæta líka miklu við sig og eru nú með 11,4 prósent en fengu 4,6 prósent í kosningunum. Þá er Viðreisn með 11,2 prósent í könnuninni en fékk 8,2 prósent í kosningunum.

Sósíalistaflokkurinn mælist með 7,1 prósent en fékk 6,4 prósent í kosningunum 2018. Miðflokkurinn er nú með 4,8 prósent en var með 6,1 prósent í kosningunum og Flokkur fólksins mælist með 2,9 prósent miðað við 4,3 prósent í kosningunum.

Framsóknarflokkurinn fékk ekki borgarfulltrúa kjörinn í síðustu kosningum og það myndi ekki breytast miðað við niðurstöður könnunarinnar en flokkurinn mælist með 2,6 prósent.

Miðað við niðurstöður könnunarinnar myndi meirihlutinn bæta við sig þremur borgarfulltrúum, fara úr 12 í 15, en alls eru 23 fulltrúar í borgarstjórn.

Fylgi við flokkana í borgarstjórn Reykjavíkur



» Miðað við niðurstöður könnunarinnar myndu flokkarnir í meirihlutanum samtals bæta við sig þremur borgarfulltrúum.

Bæði Sjálfstæðisflokkur og Samfylking myndu tapa tveimur borgarfulltrúum samkvæmt könnuninni. Píratar og Vinstri grænn myndu hins vegar bæta við sig tveimur fulltrúum hvor flokkur.

Viðreisn myndi bæta við sig einum borgarfulltrúa en Sósíalistaflokkurinn og Miðflokkurinn halda sínum eina fulltrúa. Flokkur fólksins myndi miðað við þessar niðurstöður missa sinn eina fulltrúa.

Alls fengi Sjálfstæðisflokkurinn sex borgarfulltrúa kjörna og Samfylkingin fimm. Píratar fengju fjóra borgarfulltrúa en Vinstri grænn og Viðreisn fengju þrjá hvor flokkur. Sósíalistaflokkurinn og Miðflokkurinn fengju einn fulltrúa.

Könnun Zenter rannsókna var send á Reykvíkinga 18 ára og eldri frá 16. júlí til 13. ágúst síðastliðinn. Í úrtakinu voru 1.275 einstaklingar og var svarhlutfall 51 prósent. Gögnin voru greind eftir kyni og aldri. **sighvatur@frettabladid.is**

Dagur B. Eggertsson.

Gott veganesti

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fagnar því að allir samstarfsflokkar Samfylkingarinnar í meirihlutanum sæki á.

„Ég held að þetta sé mjög gott veganesti inn í seinni hluta kjörtímabilsins. Það sem hefur einkennt fyrri hluta kjörtímabilsins eru mjög harðar árásir minnihlutans á meirihlutann. Þær hafa hlotið lítinn hljómgrunn," segir Dagur.

Spurður um minnkandi fylgi Samfylkingarinnar segir hann að það hafi verið reglan undanfarin kjörtímabil þegar flokkurinn hafi leitt að hann dali aðeins um mitt kjörtímabil.

„En svo höfum við sótt í okkur veðrið þegar líður að kosningum. Það sem mestu skiptir er heildarstuðningurinn við meirihlutann og að allir njóti sín í svona fjölflokka samstarfi. Það hefur alltaf verið mitt leiðarljós í borgarstjórninni þannig að ég er mjög ánægður með þessar niðurstöður."

Græn borg til framtíðar

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segist stolt af verkum meirihlutans á kjörtímabilinu.

„Við höfum skilað miklum árangri fyrir borgarbúa og ég tel meirihlutasamstarfið hafa gengið vel. Það getur auðvitað verið flókið verkefni að sameina áherslur fjögurra mismunandi flokka en okkur hefur tekist að binda saman sameiginlega styrkleika okkar. Við setjum mikinn kraft í grænn málefni og erum sameiginlega að byggja græna borg framtíðar," segir Dóra Björt.

Hún segir Pírata standa fyrir nýja sýn á pólitík þar sem stjórnmálin þjóni fólkinu með heiðarleika í fyrirrúmi.

„Við gætum almannahags og það er gríðarlega frelsandi í pólitík. En þar að auki held ég að það skipti almenning máli að við erum tilbúin að gera það sem raunverulega þarf til að takast á við loftslagsvandann."

Dóra Björt Guðjónsdóttir,

Eyþór Arnalds.

Þurfum að leiða fram breytingar

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir fyrri hluta kjörtímabilsins hafa einkennst af mörgum erfiðum málum fyrir meirihlutann.

Hann bendir á að Samfylkingin sé samkvæmt könnuninni komin undir 20 prósenta fylgi. Í aðdraganda síðustu kosninga hafi flokkurinn mælst með meira fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn sem hafi svo endað með 31 prósent.

„Við höfum lagt upp með að vera með málefnalega gagnrýni. Ég held að það skili sér á endanum og það skilar sér í því að við erum í þessari mjög dreifðu könnun langstærsti flokkurinn," segir Eyþór.

Þá segir hann að fram að næstu kosningum verði meiri sóknarleikur. „Þessi könnun sýnir að valkosturinn við núverandi ástand er fyrst og fremst við og við þurfum að leiða fram breytingar í borginni. Ég held að það sé grundvöllur fyrir það."

Fersk pottaplöntusending

Glæsilegt úrval af plöntum og pottum!

Haustplönturnar eru byrjaðar
að streyma inn



OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL 10-21

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Það er ekki mikið um að vera á ströndinni í Benidorm þessa dagana. MYND/GETTY

Lokaútkall í beint Spánarflug

FERÐALÖG Ferðaskrifstofan Úrval Útsýn auglýsir nú síðustu beinu flugin til Tenerife og Alicante í bili – eða þar til 30. september.

Úrval Útsýn, Vita og Heimsferðir fljúga ekki til Spánar eftir 20. ágúst og út september.

Samkvæmt tölvupósti sem barst viðskiptavinum Úrvals Útsýnar í gær eru boðin flug til og frá Tenerife 19. ágúst og til og frá Alicante daginn eftir. Flugfar út kostar 19.900 á báða þessa áfangastaði en 33.900 heim frá Tenerife og 45.900 frá Alicante.

Svipað gildir um ferðaskrifstofurnar Vita og Heimsferðir sem fljúga ekki til Spánar eftir 20. ágúst og út september.

Staðið hefur á endurgreiðslu vegna ferða sem felldar hafa verið niður á COVID-19 tímabilinu. Úrval Útsýn hefur svarað fólki því til að lánaumsókn fyrirtækisins hjá nýjum Ferðaábyrgðasjóði hafi þegar verið samþykkt en að beðið sé eftir því að bankinn afgreiði lánið. Það muni vonandi gerast á næstu dögum eða í næstu viku og þá muni endurgreiðslur hefjast. **– gar**

Biden og Harris á fundinum í Wilmington í Delaware í gær.

Fóru hörðum orðum um Donald Trump

BANDARÍKIN Joe Biden, forsetaefni Demókrata, og Kamala Harris, varaforsetaefni, fóru hörðum orðum um Donald Trump Bandaríkjaforseta og ríkisstjórn hans, á fyrsta blaðamannafundi þeirra eftir að tilkynnt var að Harris yrði í framboði.

Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum fara fram í nóvember á þessu ári.

Trump hafði farið hörðum orðum um Harris. Biden svaraði honum fullum hálsi. „Það kemur ekki á óvart þar sem vel er það sem Donald Trump er bestur í, betri en allir aðrir forsetar í sögu Bandaríkjanna," sagði Biden. „Kemur það einhverjum á óvart að Donald Trump sé neikvæður í garð sterkrar konu, eða sterkra kvenna yfirleitt?"

Þá beindu þau spjótum sínum að því hvernig ríkisstjórnin hefði tekist á við COVID-19 faraldurinn, loftslagsmál, atvinnuleysi og kynþáttafordóma. „Allt sem okkur er kært, efnahagurinn, heilsan okkar, börnin okkar, hvernig landi við búum í, þetta er allt undir," sagði Harris. **– ab**

Hafrannsóknastofnun hefur gert tillögu um mörk hugsanlegra fiskeldissvæða í Arnarfirði og innfjörðum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Ísfélag Vestmannaeyja andvígt sjókvíum stutt frá laxveiðijörð

Leyfi Fjarðalax til sjókvíaeldis í Fossfirði ættu að vera fallin úr gildi, segir Ísfélag Vestmannaeyja, sem mótmælir tillögum Hafrannsóknastofnunar um svæði fyrir slíka starfsemi í firðinum. Ísfélagið segir eldið áformað 250 metra frá ós laxveiðiár sem félagið á en ekki fimm kílómetra eins og reglur segi til um.

ATVINNUMÁL Afmörkun sjókvíaeldis aðeins 250 metra frá ós Dufansdalsár í Fossfirði er bæði andstæð reglugerð og myndi rýra verðmæti jarða á svæðinu, segir Ísfélag Vestmannaeyja, sem mótmælir tillögum Hafrannsóknastofnunar um sjókvíaeldi í Arnarfirði og fjörðum inn af honum.

Skipulagsstofnun kallaði eftir umsögnum um tillögu Hafrannsóknastofnunar og er Ísfélag Vestmannaeyja meðal þeirra sem senda inn athugasemd. Fyrirtækið keypti í fyrra jörðina Neðri-Dufansdal í Fossfirði sem gengur inn af Arnarfirði. Í umsögn frá lögmanni Ísfélagsins, Finni Magnússyni, segir að í tillögunni séu meðal annars afmörkuð eldissvæði stuttu fyrir framan Neðri-Dufansdal. Ísfélagið leggist alfarið gegn staðsetningunni.

Finnur bendir á að samkvæmt reglugerð sem sett sé með stoð í lögum um fiskeldi skuli Matvælastofnun tryggja, áður en rekstrarleyfi til fiskeldis sé veitt, að „fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en fimm kílómetrar þegar um laxfiska er að ræða í eldi", vitnar hann til reglugerðarinnar.

Segir lögmaðurinn að í Neðri-Dufansdal renni laxveiðiáin Dufansdalsá. Í henni sé villtur laxastofn og þéttleikavísitala laxfiska í ánni sé 63,4 samkvæmt rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða frá því í ágúst 2016.

„Þegar hnit umrædds eldissvæðis eru skoðuð er ljóst að eldissvæðið er ekki í fimm kílómetra fjarlægð frá Dufansdalsá heldur virðast næstu mörk svæðisins vera 250 metra frá árósum," rekur lögmaðurinn. Eldissvæðið sé því í ósamræmi við fyrrnefnda reglugerð og Ísfélagið telji að það þjóni engum tilgangi að afmarka eldissvæði í Fossfirði líkt og gert sé í tillögunni.

„Umbjóðandi minn telur að nái sú tillaga Hafrannsóknastofnunar, sem auglýst er af hálfu Skipulagsstofnunar og gerir ráð fyrir fiskeldi í einungis 250 metra fjarlægð frá ósum Dufansdalsár, fram að ganga þá muni það rýra verðmæti Neðri-Dufansdals og annarra jarða á svæðinu," undirstrikar lögmaður Ísfélagsins.

Vakin er athygli á því í umsögn Ísfélagsins að rekstrarleyfi og starfsleyfi vegna laxeldis í sjókvíum gildi í sextán ár. „Er það mjög íþyngjandi fyrir landeigendur ef fiskeldisstöð er rekin í 250 metra fjarlægð frá jörð þeirra, enda felur slík starfsemi í sér áhrif á allt nærumhverfi. Jafnvel þótt gildandi starfsleyfi væri ekki á tilteknu svæði, sem hefur verið afmarkað sem eldissvæði, myndi það hafa neikvæð áhrif á möguleika landeigenda til þess að selja jörð sína ef fyrir liggur að sjókvíaeldisstöð verði rekin svo nálægt henni, þar með talið ósum Dufansdalsár."

Lögmaður Ísfélagsins segir enn fremur að Fjarðalax ehf. hafi á árinu 2012 fengið rekstrarleyfi fyrir fiskeldi til tíu ára á umræddu svæði. Og starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sem gildi til ársins 2028.

„Að mati Ísfélagsins skýtur skökku við að auglýst sé tillaga Hafrannsóknastofnunar á svæði þar sem Fjarðalax ehf. er með starfsleyfi enda kann að vera að brostnar séu forsendur fyrir rekstrarleyfi Fjarðarlax ehf. á umræddu svæði," segir í umsögninni og vísað er til þess að fella eigi rekstrarleyfi úr gildi sé starfsemi ekki hafin innan þriggja ára frá útgáfu leyfis. Sömuleiðis skuli fella niður leyfið stöðvist reksturinn í tvö ár.

Rekur lögmaðurinn að 28. desember 2018 hafi verið farið í eftirlit af hálfu Umhverfisstofnunar á fiskeldissvæði Fjarðalax í Fossfirði. Enginn fiskur hafi verið á eldissvæðinu. „Kom jafnframt í ljós að engar kvíar voru úti í júní 2018 og hafði enginn fiskur verið á svæðinu á vegum Fjarðalax ehf síðan árið 2016. Því hefur fiskeldi ekki verið stundað á svæðinu í fjögur ár," bendir hann á.

Ísfélagið telji því í raun óskiljanlegt að auglýst sé tillaga um fiskeldi á svæði sem starfsleyfi Fjarðalax taki til. Það sé auk þess ólíklegt að fyrirtækið hefji á ný rekstur fiskeldisstöðvar á svæðinu. Rekstrartap Fjarðalax hafi numið yfir milljarði króna á árinu 2018 og ójafnað, uppsafnað tap félagsins hafi numið ríflega 3,1 milljarði króna í árslok 2018.

Í ljósi þess sem að framan greinir kveðst Ísfélagið telja að forsendur fyrir rekstrarleyfi Fjarðalax séu brostnar.

Ísfélag Vestmannaeyja keypti Neðri-Dufansdal í júlí í fyrra af félaginu AMH verslun sem eignast hafði jörðina í apríl 2018.

gar@frettabladid.is

Arnarfjörður



Fyrir botni Fossfjarðar er Neðri-Dufansdalur meðal annarra jarða.

Er það mjög íþyngjandi fyrir landeigendur ef fiskeldisstöð er rekin í 250 metra fjarlægð frá jörð þeirra, enda felur slík starfsemi í sér áhrif á allt nærumhverfi.

Úr umsögn Ísfélags Vestmannaeyja, Finnur Ólafsson, lögmaður

Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. *Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira. Hyundai KONA er fáanlegur með 39kW rafhlöðu eða 64 kW rafhlöðu.

Hyundai KONA 2WD með 289 km drægi 5.290.000 kr.
Hyundai KONA 2WD með 449 km drægi 5.990.000 kr.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunveguleg um aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM00113



Xi Jinping segir að mikið þurfi að strita til að eitt hrísgrjón verði til.

Ráðast gegn matarsóun með hörðum reglum

KÍNA Xi Jinping og stjórn hans í Kína gera nú alvarlega atlögu að matarsóun í landinu. Í ræðu á þriðjudag lýsti hann þessari sóun sem truflandi og hneyksli, sérstaklega í ljósi þess að heimsfaraldur gengur yfir. En flóð hafa verið í landinu og matvælaverð fer hratt hækkandi.

> **Við ættum að vera á miklu varðbergi gagnvart fæðuöryggi okkar.**
> Xi Jinping forseti Kína

Máli sínu til stuðnings vitnaði hann í ljóð sem segir að mikið strit sé á bak við hvert grjón á disknum. „Við ættum að vera á miklu varðbergi gagnvart fæðuöryggi okkar. Áhrif COVID-19 faraldursins hafa vakið okkur til umhugsunar," sagði Jinping.

Í borginni Wuhan, þaðan sem veirunnar varð fyrst vart, hefur þegar verið tekin upp svokölluð N-1 regla. En samkvæmt henni mega hópar aðeins panta einum rétti færra en tala einstaklinganna. Það er ef sex manns koma á veitingastað mega þeir einungis panta fimm rétti. En í Kína er það til siðs að panta umfram það sem maður þarf.

Þá hafa einnig verið settar reglur um að veitingastaðir verði að bjóða upp á minni skammtastærðir og box til að gestir geti tekið afganga með sér heim. Tvær aðrar borgir hafa einnig tekið upp regluna, Xianning og Xianyang, og fleiri munu vafalaust fylgja í kjölfarið.

– khg

Samkomulagið var kynnt í Hvíta húsinu í gær. MYND/EPA

Samkomulag í höfn milli landa

BANDARÍKIN Ríkisstjórnir Ísraels og Sameinuðu arabísku furstadæmanna hafa náð samkomulagi um að koma á formlegu sambandi á milli landanna. Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta miðlaði málum á milli ríkjanna og eru Sameinuðu arabísku furstadæmin nú þriðja arabaríkið með formleg samskipti við Ísrael.

Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, Mohammed Bin Zayed, krónprins Sameinuðu arabísku furstadæmanna, og Trump munu hittast í Hvíta húsinu á næstu vikum og skrifa undir samkomulagið.

Samkvæmt heimildum Reuters felur samkomulagið í sér að Ísraelar hætta við að innlima svæði á Vesturbakkanum. Hamas-samtökin hafa fordæmt samkomulagið. **– ab**

Sótthreinsað á Corcovado-fjalli

Prestur hélt stutta messu áður en hermenn brasilíska hersins sótthreinsuðu minnismerkið um Jesú Krist á Corcovado-fjalli fyrir ofan Rio de Janeiro. Minnismerkið verður gert aðgengilegt almenningi á morgun ásamt fleiri ferðamannastöðum í landinu. Minnismerkið í kringum hina 38 metra háu styttu, sem er eitt af einkennum Brasilíu, hefur verið lokað síðustu fimm mánuði vegna COVID-19 faraldursins. MYND/EPA

Efna til samúðarverkfalla og samstöðu vegna kosninganna

Verksmiðjur hafa stöðvast og hvítklæddar konur standa í röðum í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands. Þúsundir mótmælenda eru í varðhaldi, margir illa slasaðir við hörmulegar aðstæður, og tveir hafa þegar látið lífið. Þrjú ríki bjóðast til að miðla málum en forsetinn stendur keikur og er jafn harðorður og fyrr.

HVÍTA-RÚSSLAND Mótmælin í Hvíta-Rússlandi halda áfram um allt landið eftir umdeildan kosningasigur forsetans Alexanders Lukashenko um helgina. Telja mótmælendur að brögð hafi verið í tafli og flest vestræn ríki hafa lýst yfir efasemdum um úrslitin þar sem Lukashenko á að hafa fengið rúmlega 80 prósent atkvæða.

Meðal nýrra tíðinda úr mótmælunum er að starfsmenn nokkurra verksmiðja í landinu hafa lagt niður störf til að lýsa yfir stuðningi við mótmælendurna. En þeir telja að mótframbjóðandinn Sviatlana Tsikhanouskaya hafi í raun borið sigur úr býtum. Sem dæmi má nefna að starfsemi liggur niðri í verksmiðjunni sem hefur framleitt BelAZ-vörubíla og vinnuvélar síðan á tímum Sovétríkjanna.

Þá hafa hundruð hvítklæddra kvenna staðið í röðum og haldið á hvítum blómum í höfuðborginni Minsk. Kalla þær þetta samstöðukeðjur og krefjast þess að mótmælendum verði sleppt úr varðhaldi og að deilan verði leidd til lykta á friðsaman hátt.

Tveir mótmælendur hafa nú látið lífið í þeirri ólgu sem nú kraumar í landinu. Á mánudag lést maður í Minsk og sýnir myndband að lögreglan skaut á hann. Lögreglan heldur því hins vegar fram að hann hafi haldið á sprengju. Annar maður, Alexander Vikhor, lést í varðhaldi í borginni Gomel eftir að hann var handtekinn á sunnudag þegar mótmælin hófust.

Samkvæmt yfirvöldum í landinu hafa 6.700 manns verið handtekin og hundruð hafa særst í átökum við lögregluna. Einhverjum var sleppt úr varðhaldi á fimmtudagsmorgun.

Samstöðukeðjur hvítklæddra hvítrússneskra kvenna sjást víða um þessar mundir í höfuðborginni Minsk. MYND/EPA

> **Sjónarvottar lýsa skelfilegum aðstæðum í fangelsum, þar sem fólk sefur í hrúgu á gólfinu innan um blóð og saur.**

Eru þetta langstærstu mótmæli sem orðið hafa í Hvíta-Rússlandi í valdatíð Lukashenko sem spannar rúmlega aldarfjórðung.

Einn af þeim sem losnað hafa úr varðhaldi er Nikita Telizhenko, rússneskur blaðamaður hjá fréttasíðunni Znak. Hann lýsti þriggja daga dvöl sinni í fangelsi sem hreinu helvíti. Svo þröngt væri í klefunum að mótmælendurnir þyrftu að sofa í hrúgu á gólfinu, hverjir ofan á öðrum. Blóð og saur væri úti um allt enda fengju þeir ekki aðhlynningu eftir ofbeldi lögreglunnar og ekki einu sinni að fara á klósett. Sumir væru alvarlega slasaðir en lögreglumenn hefðu gengið á milli og barið og sparkað í þá.

Lögreglan hefur ekki aðeins handtekið þá sem tekið hafa þátt mótmælunum heldur farið inn á heimili fólks og sótt það. Bandarísk kona lýsir því að hvítrússneskur kærasti hennar hafi verið handtekinn um miðja nótt þar sem þau sváfu og hún hafi enga hugmynd um af hverju.

Leiðtogar Póllands, Lettlands og Litháens hafa boðist til að miðla málum milli stjórnar Lukashenko og mótmælendanna og hótað þvingunum af hálfu Evrópusambandsins verði því boði ekki tekið. Utanríkisstofnun Evrópusambandsins hefur einnig ályktað að ofbeldið verði að stöðva og umbætur að ganga í gegn, ellegar verði að endurskoða sambandið við Hvíta-Rússland og koma þvingunum á.

Lukashenko lætur hins vegar engan bilbug á sér finna og er jafn harðorður og fyrr. Á ríkisstjórnarfundi á miðvikudag talaði hann um „svokallaða mótmælendur" sem væru hópur af fólki ýmist á sakaskrá og eða atvinnulaust.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SPARIDAGAR

Í **ORMSSON** & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM **ORMSSON** UM LAND ALLT!

Öll sjónvörp á **flottum tilboðum**!

Klipsch
hátalarar
20%

SANGEAN
útvörp
20%

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Höldum áfram

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Íslendingar báru gæfu til að ráðast í vægari sóttvarnaaðgerðir vegna veirufaraldursins en flest önnur ríki. Markmiðið með þeim hefur verið að „fletja kúrfuna“ til að lágmarka álagið á heilbrigðiskerfið og vernda um leið viðkvæmustu hópa samfélagsins á meðan við þurfum að lifa með veirunni um fyrirsjáanlega framtíð – en ekki að reyna að útrýma henni. Það er enda með öllu óraunhæft. Okkur hefur tekist býsna vel upp. Þótt smituðum hafi tekið að fjölga á ný fyrr í sumar, sem var viðbúið, virðist þessi nýja bylgja ætla að vera minna skaðleg og að búið sé að ná tökum á útbreiðslunni. Fá tilfelli hafa komið upp eftir að liðkað var fyrir ferðalögum fólks til og frá landinu með skimun við landamærin, sem var rétt ákvörðun, og þeir sem smitast eru í langflestum tilfellum með mjög væg sjúkdómseinkenni. Engin ástæða er til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi með harðari aðgerðum gagnvart komum ferðamanna.

Sumir hagfræðingar hafa reiknað sig niður á þá niðurstöðu að það sé efnahagslega skynsamlegt að hafa landið í reynd lokað. Það eru furðuleg rök. Látum liggja milli hluta þá staðreynd að aðeins um 40 tilfelli af virku smiti hafa greinst við landamærin í um 90 þúsund teknum sýnum sem er í samræmi við málflutning sóttvarnalæknis um að erlendum ferðamönnum fylgi lítil áhætta. Að hafa landið opið, með ákveðnum varúðarráðstöfunum, er afar mikils virði og skiptir ekki aðeins máli gagnvart hagsmunum ferðaþjónustunnar heldur einnig fyrir aðrar tengdar atvinnugreinar – og þá um leið lífsviðurværi þúsunda fjölskyldna sem að öðrum kosti horfa upp á atvinnuleysi og gríðarlegan tekjumissi. Það er ekki léttvægt mál.

Margir eru með kvíða og ótta vegna ástandsins, meiri en kannski efni standa til miðað við hættuna. Sýna verður því fólki skilning, ekki síst með því að ala ekki að óþörfu á hræðsluáróðri, en sjónarmið þeirra eiga ekki að ráða för við ákvarðanir stjórnvalda. Það á ekki að vera valkostur að kveikja og slökkva á samfélaginu á víxl hér næstu misserin þrátt fyrir að veiran muni birtast af og til. Hún er ekkert á förum. Þau skilaboð þurfa að heyrast meira og skýrar frá stjórnvöldum. Víðtækar skerðingar, hvort sem er á ferðafrelsi eða starfsemi fyrirtækja, hafa skaðlegar afleiðingar til lengri tíma fyrir heilsu og líðan fólks með auknu atvinnuleysi og fátækt. Sóttvarnasjónarmið hafa skiljanlega verið í forgrunni en það er ekki síður mikilvægt að horfa til efnahags- og félagslegra sjónarmiða.

Samstarf ríkisstjórnarinnar og sóttvarnayfirvalda hefur gengið vel. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, sem við sem þjóð höfum verið heppin að hafa í stafni við þessar aðstæður, hefur réttilega sagt að nú sé komið að stjórnmálamönnum að taka ákvarðanir. Valdið og ábyrgðin er þeirra og valkostirnir sem þeir standa frammi fyrir eru misslæmir. Í stað þess að ráðast í íþyngjandi aðgerðir sem skerða stórkostlega athafnafrelsi fólks og fyrirtækja og mannréttindi, sem of lítið er hugað að á þessum tímum, ætti áherslan að vera á hóflegar sóttvarnaaðgerðir og einstaklingsbundnar smitvarnir. Við megum ekki stjórnast af óttanum einum þannig að viðbrögðin fari að valda meiri skaða en veiran sjálf.

Það á ekki að vera valkostur að kveikja og slökkva á samfélaginu á víxl hér næstu misserin þrátt fyrir að veiran muni birtast af og til.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

Halldór



Frá degi til dags

Gamla trikkið

Fréttablaðið.is birti í fyrrakvöld myndband sem tekið var upp við Dettifoss nýlega. Þar sést hvernig tignarlegur fossinn fellur látlaust fram en torkennileg vera virðist skjóta kollinum upp fyrir gljúfurbrúnina. Lífleg umræða skapaðist á samfélagsmiðlum í kjölfarið um hvað þetta gæti verið. Geimvera eða Gollrir voru meðal tilgátna. Engum datt þó í hug sennilegasta skýringin. Að þetta væri enn eitt snilldarbragðið í átaki stjórnvalda til kynningar á Íslandi sem ferðamannalandi í kjölfar faraldursins og sjálfstætt framhald af öskurboxasnilldinni sem runnin er undan rifjum breskra markaðsmanna. Ráða álfa til að vera á áður fjölförnum ferðamannastöðum og læða sér í mynd þeirra örfáu sem þar koma. Hvílík snilld!

Enn flautar nyrðra

Fréttir af furðulegu flauti sem hrellt hefur Akureyringa undanfarið hafa vakið athygli. Um þetta var fjallað á þessum vettvangi í gær. Enn er málið óupplýst. Skútan sem grunuð var hefur verið hreinsuð af öllum grun. Nú er komin fram enn ein möguleg skýring. Hún er sú að þetta sé hljóð sem heyrist þegar lofti sem Þingeyingar þurfa reglulega að tappa af sér, ef ekki á illa að fara, er hleypt út. Það gerist oftast á kvöldin, en þá er hljóðið mest áberandi.

Stjórnarandstaðan vaknar

Álfheiður Ingadóttir
fyrrverandi heilbrigðisráðherra

Daginn sem 17 innanlandssmit greindust var eins og stjórnarandstaðan hefði hrokkið fram úr rúminu – steinsofandi – með allt á hornum sér eins og gjarnt er um þá sem þannig fer fyrir.

Ekki að það væri óvænt, yfirvöld höfðu margsagt að veiran myndi berast hingað aftur. Nú virðist, sem betur fer, að fumlausar en óvinsælar aðgerðir stjórnvalda fyrir verslunarmannahelgi hafi náð að stöðva nýjan faraldur í fæðingu. Þá var eins og áður, í einu og öllu farið að tillögum sóttvarnalæknis.

Það var líka að ráði sóttvarnalæknis að hafin var skimun á landamærum 15. júní. Stjórnarandstaðan mótmælti því ekki, þvert á móti, en nú á skimunin að vera pólitísk aðgerð, runnin undan rifjum ferðaþjónustunnar sem ríkisstjórnin hafi beygt sig undir. Ekkert er fjær sanni. Landið var aldrei lokað og skimunin skilar góðum árangri, eins og smithlutfallið sýnir.

Formaður Viðreisnar segir að ríkisstjórnin sé að koma úr löngu sumarfríi. Margur heldur mig sig! Ríkisstjórnin hefur sannarlega ekki verið í fríi – frá byrjun júní hafa verið haldnir 15 ríkisstjórnarfundir, forsætisráðherra og aðrir ráðherrar hafa unnið náið með sínu málasviði: menntamálaráðherra með skólunum, ferðamálaráðherra með ferðabransanum, samgönguráðherra með sveitarfélögum, félagsmálaráðherra með verkalýðshreyfingu og svo má áfram telja.

Meðan stjórnarandstaðan svaf sumarlangt voru sóttvarnayfirvöld og ríkisstjórn nefnilega í vinnunni sinni, reiðubúin til að takast á við vanda hvers dags, en einnig að undirbúa aðgerðir til lengri tíma. Á haustþingi verður þessi vinna kynnt m.a. í fjármálaáætlun næstu fimm ára, fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 og kóvíd-aðgerðum til mótvægis við áhrif veirunnar á samfélagið. Markmiðið er sem fyrr að tryggja heilsu þjóðarinnar og halda samfélaginu gangandi.

Það er mikilvægt að hrósa því sem vel er gert og benda á hvað betur má fara. En stjórnarandstaða sem rumskar þegar verst lætur og hefur lítið til málanna að leggja annað en neikvæðni og nöldur ætti að leggja sig aftur. Það er oft betra að takast á við verkefni dagsins eftir viðbótarblund.

Formaður Viðreisnar segir að ríkisstjórnin sé að koma úr löngu sumarfríi. Margur heldur mig sig!

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Úr óvissu í áhættu

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Atburðirnir sem hófust með útbreiðslu kórónaveirunnar í lok árs 2019 eru án nokkurs vafa þeir afdrifaríkustu og markverðustu sem orðið hafa í okkar heimshluta frá síðari heimsstyrjöld. Engu skiptir hvort við fáum leið, eða jafnvel algjört ógeð, á umfjöllun, aðgerðum, veikindum, vangaveltum og pistlaskrifum um ástandið—viðbrögð heimsins og einstaka landa við Covid-19 faraldrinum munu hafa afgerandi áhrif á velmegun og vellíðan fólks í mörg ár og jafnvel áratugi.

Hröð viðbrögð við óvissunni

Þegar fyrstu fréttir fóru að berast um veikindi í Kína í byrjun árs, fóru viðvörunarbjöllur að hringja um heim allan, en mjög misjafnt var hversu mikið mark var tekið á þeim. Óvissan var algjör og ótti greip um sig.

Strax í byrjun upphófust vangaveltur og skoðanaskipti um alvarleika veikindanna, mögulegar smitleiðir, meðferðir og réttlætanlegar aðgerðir í samfélögum til þess að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar. Í ljósi óvissunnar má segja að ábyrg stjórnvöld hafi á þeim tíma ekki haft önnur úrræði en að fara eins varlega og frekast var unnt, enda ákváðu flest lönd í byrjun mars að grípa til aðgerða sem höfðu þann tilgang að fletja harkalega niður útbreiðslu veirunnar. Þetta var ekki síst gert vegna þess að talið var að óheft smit kæmi til með að setja alla heilbrigðisþjónustu úr skorðum, en einnig vegna þess að ekki var vitað hversu hættulegur sjúkdómurinn sjálfur kæmi til með að reynast. Hér á landi var farið fyrr af stað en víðast og gripið til harðari aðgerða; til dæmis með því að setja heimkomufarþega beint í sóttkví eftir dvöl á áhættusvæðum sem íslensk yfirvöld skilgreindu á undan öllum öðrum.

Eins og með flest í þessu máli er líklega of snemmt að fullyrða; en margt bendir til þess að þessi viðbrögð í upphafi faraldursins hafi verið ótrúleg blessun fyrir íslenskt samfélag. Betur tókst að hemja veikindin en víðast og það án þess að gripið væri til harðneskjulegra og ómannneskjulegra úrræða, eins og almenns útgöngubanns og almennrar skyldu til grímunotkunar. Yfirvöld hér hafa nefnilega haldið sig við þau úrræði sem sýnilega hafa virkað best—en ekki þau sem sýnast virka best, eins og stjórnmálamenn sums staðar hafa freistast til að gera.

Þessi góði árangur hingað til endurspeglast meðal annars í því að dauðsföll á Íslandi eru fá í alþjóðlegum samanburði. Ef reiknaður er fjöldi andláta á hverja 100 þúsund íbúa þá eru þau 2,7 á Íslandi—færri en í Danmörku (10,7), Finnlandi (6,0) og Noregi (4,7); og miklu færri en í Þýskalandi (44,2) og Svíþjóð (56,4).



> Ákvarðanir næstu missera munu hafa meiri áhrif á farsæld þjóðarinnar heldur en þær sem teknar hafa verið undanfarna sex mánuði.

Aukin þekking og meiri yfirvegun

Óvissan var algjör í upphafi. Sumir héldu því fram að sjúkdómurinn væri ekkert hættulegri en venjuleg flensa eða kvef. Við vitum núna að hann er miklu hættulegri en það. Aðrir héldu að hann væri eins hættulegur og sögufrægar drepsóttir fyrri alda. Við vitum líka að svo slæmur er hann ekki.

Með minnkandi óvissu um alvarleika ógnarinnar myndast tækifæri til þess að taka yfirvegaðri ákvarðanir um eðlileg viðbrögð. Þess vegna er ekki endilega réttlætanlegt að nota sömu aðferðir og sömu rök til frambúðar eins og fyrst þegar veiran skaut upp kollinum.

Ef upp kemur ný tegund farsóttar í heiminum, sem hugsanlega gæti verið jafnhættuleg og drepsóttir fyrri alda, þá væru rétt viðbrögð að beita öllum tiltækum ráðum til þess að forðast veikina. Eðlileg varnarviðbrögð þegar upp koma óvissar og hættulegar aðstæður eru að vilja loka sig (og sína) af, skella í lás og vilja helst bíða af sér aðsteðjandi hættu. Það er rökrétt líka þangað til betri upplýsingar fást. Ef við komumst smám saman nær sannleikanum um hættuna þá breytist líka það sem hægt er að kalla rökrétt viðbrögð.

Eftir því sem tíminn líður safnast saman reynsla og þekking. Annars vegar safnast saman bætt þekking á eðli sjúkdómsins, smitleiðum, áhættuhópum og þess háttar; og hins vegar verður til aukin þekking á því hvernig hægt er að bregðast við sjúkdóminum; betri árangur næst í meðhöndlun þeirra sem veikjast og hægt er að fara sífellt markvissari og minna íþyngjandi leiðir til þess að takmarka útbreiðslu sjúkdómsins. Sá sem skellir í lás í óvissunni getur leyft sér að gægjast út þegar hægt er að leggja yfirvegaðra mat á áhættuna.

Lokað land eða opið samfélag?

Meðan óvissan var allsráðandi var skiljanlegt að margir vildu loka landinu alveg og reyna að koma fullkomlega í veg fyrir að veiran bærist hér inn. Ísland hefur reyndar gengið mjög langt í því að setja upp varnir á landamærunum, en hingað til hefur ekki verið unnið út frá því að þær komi algjörlega í veg fyrir að smit berist inn, þær dragi einungis úr fjöldanum. Reynsla annarra þjóða, svosem eins og Færeyinga og Nýsjálendinga, sem hafa haft uppi miklu harðari landamæraaðgerðir en Íslendingar, bendir til þess að það kunni að vera óskynsamlegt að hafa einhvers konar fullnaðarsigur gegn veirunni að markmiði.

Upp á síðkastið hefur því verið varpað fram sem tveimur valkostum að annaðhvort þurfi að loka meira á landamærunum eða loka meira innanlands. Þetta hefur meðal annars stuðlað að flokkadráttum milli þeirra sem hafa áhyggjur af kennslu í skólum og hinna sem sjá fram á efnahagslegt hrun og atvinnuleysi í einkageiranum. Með aukinni þekkingu og reynslu ætti að vera hægt að komast hjá því að mála valkostina þessum litum, og allsherjarlokanir sem þóttu nauðsynlegar í óvissunni eru miklum mun ólíklegri í samfélagi sem lærir að „lifa með veirunni“. Lönd, eins og Nýja-Sjáland, sem ekki hafa byggt upp þolgæði gagnvart því að veiran komist inn í landið, eiga hins vegar á hættu að minnsta bakslag í sóttvörnum setji allt samfélagið í uppnám, líkt og gerst hefur þar á síðustu dögum.

Yfirvegun er góð sóttvörn

Meðalhóf og yfirvegun hafa að mestu einkennt íslenskt samfélag í gegnum þetta ástand hingað til. Þetta á við um heilbrigðisyfirvöld, fjölmiðla, stjórnmálafólk, atvinnulífið og almenning. Þetta, ásamt góðum ákvörðunum í upphafi farsóttarinnar, hefur líklega gert það að verkum að mörg dæmi eru um fólk sem sækist eftir að koma hingað í skjól frá Covid, en fá dæmi um að fólk flýi héðan af sömu ástæðu. Víða um heim hafa bæði stjórnmálamenn og fjölmiðlar nefnilega farið fram ýmist af algjörri taugaveiklun eða fullkomnu kæruleysi. Þetta hefur leitt til þeirrar undarlegu stöðu að sóttvarnaráðstafanir, til dæmis í Bandaríkjunum, eru orðnar að pólitískum hráskinnaleik. Það væri mikil blessun ef slíkt gerist ekki á Íslandi, þótt vissulega þurfi að taka ýmsar pólitískar og umdeildar ákvarðanir.

Ákvarðanir næstu missera munu hafa meiri áhrif á farsæld þjóðarinnar heldur en þær sem teknar hafa verið undanfarna sex mánuði. Við stöndum á mjög traustum grunni eftir að hafa látið skynsemina og góða dómgreind ráða hingað til. Nú, þegar óvissan um veiruna sjálfa hefur minnkað, þarf að horfast af sjálfstrausti í augu við nýja áhættu. Sú áhætta er ein af mörgum sem við lifum með. Í góðu samfélagi lögum við okkur að slíkri áhættu af yfirvegun, en látum hvorki hana né óttann við hana stjórna okkur.

Ozil gengur af velli á síðasta ári. Hann ætlar ekki að fara. MYND/GETTY

Özil ætlar ekkert að fara

FÓTBOLTI Þjóðverjinn Mesut Özil, leikmaður Arsenal, ætlar ekki að fara sjálfviljugur frá Arsenal. Eftir að hann skrifaði undir risasamning í janúar 2018 sem tryggir honum 350 þúsund pund á viku hefur hann lítið fengið að sýna listir sínar og er yfirleitt geymdur á bekknum eða jafnvel utan hóps. Þjóðverjinn sagði í viðtali við The Atletic að hann elskaði Arsenal og London væri hans heimili. „Hlutirnir hafa verið erfiðir en ég elska Arsenal. Svona hlutir gera mig ekki veikari heldur aðeins sterkari. Ég ákveð hvenær ég fer, ekki annað fólk," sagði Özil. Orðrómur hefur gengið um að hann sé á leið frá félaginu. – bb

Gylfi og félagar í Everton byrja á ný eftir rétt rúman mánuð. MYND/GETTY

Enski byrjar 12. september

FÓTBOLTI Enski boltinn verður flautaður aftur á þann 12. september og stefnt er á að flauta hann af 23. maí. Leikjalistann á að birta fyrir föstudaginn 21. ágúst. Engir áhorfendur verða leyfðir fyrst um sinn og er verið að púsla saman leikjadagskránni þannig að flestir geti séð leikina í sjónvarpinu. – bb

Ástandið búið að reyna mikið á hinn ósýnilega andlega þátt

Stjarnan spilar í kvöld gegn Gróttu en þetta er aðeins sjöundi leikur liðsins í sumar. Liðið hefur gengið í gegnum ýmislegt í sumar og segir þjálfarinn, Rúnar Páll Sigmundsson, að reynt hafi á andlega þáttinn en hann geti ekki beðið eftir álaginu sem næstu vikur bjóði upp á. Stjarnan á eftir 16 leiki í deildinni.

FÓTBOLTI Fótboltinn verður blásinn aftur á klukkan 18 í dag með stórslag Íslandsmeistara KR og FH. Klukkutíma síðar hefst viðureign Stjörnunnar og Gróttu í Garðabæ. Engir áhorfendur mega mæta á völlinn en óljósar fréttir bárust fyrripartinn í gær um hvort áhorfendur mættu mæta á völlinn. Í auglýsingu heilbrigðisráðherra var ekkert talað um áhorfendur og var það skilningur íþróttahreyfingarinnar að áhorfendur væru leyfðir. Skrifuðu margir fréttamiðlar fréttir af því og liðin fóru jafnvel að auglýsa leikina á Fésbókarsíðum liðanna. Víðir Reynisson fundaði svo með ÍSÍ og sérsamböndunum í hádeginu og tók af allan vafa. Engir áhorfendur verða leyfðir. Um sinn allavega. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, sagði við Vísi að ekki væri ljóst hve lengi áhorfendabannið myndi gilda og að sú ákvörðun yrði mögulega endurskoðuð að viku liðinni.

Þó að áhorfendur verði ekki leyfðir verður sparkað í bolta með leikmönnum og dómurum. Stjarnan, sem hefur aðeins leikið sex leiki í deildinni, er að fara í ævintýralegt prógramm fram að landsleikjahléi. Svo gæti farið að liðið spili við Breiðablik og Fjölni í landsleikjahléinu enda á Stjarnan 16 leiki eftir í deildinni og hugsanlega þrjá í bikarnum fari liðið alla leið í úrslitaleikinn.

Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, segir að hljóðið í leikmannahópnum sé gott þrátt fyrir að mínúturnar séu aðeins 540 sem liðið hefur spilað en þetta reyni á andlegu hliðina. Ekki bara hjá leikmönnum heldur einnig öllum sem koma að liðinu. „Það er mjög skrýtið að eiga 16 leiki eftir í deildinni þegar er kominn miður ágúst og jafnvel og vonandi 19 leiki ef bikarinn er tekinn með. Við höfum reynt að æfa vel og fara eftir þessum viðmiðum eftir bestu getu," segir Rúnar.

Hann segir að æfingar hafi verið góðar þó að þær hafi verið skrítnar. Leikmenn hafi mætt klæddir enda bannað að nota búningsklefann þar sem brandarar fljúga og liðsheild verður nánast til. „Andlegi hlutinn er mikilvægur og það er auðvitað slæmt að hafa ekki klefastemningu eins og hún gerist best. Það er einn skemmtilegasti hlutinn af fótboltanum, það sem gerist fyrir og eftir æfingu. Rugla aðeins í mönnum," segir hann léttur.

Eyjólfur Héðinsson er einnig styrktarþjálfari Stjörnunnar og hefur séð um leikmenn í ástandinu sem hefur ríkt hér síðustu vikur. Rúnar Páll er ánægður með störf hans og segir leikmenn í góðu standi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það var íþyngjandi þegar allt var stoppað að nýju en við höfum náð að æfa vel og menn virðast vera í góðu standi líkamlega og andlega. Þetta er þó auðvitað erfitt fyrir alla, leikmenn, þjálfara og alla sem koma að þessu.**
>
> Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar

Leikir Stjörnunnar
út ágúst

Í kvöld	Grótta	Heima
17. ágúst	FH	Úti
21. ágúst	Fylkir	Úti
25. ágúst	KA	Heima
30 ágúst	KA	Úti

Stjarnan lenti í sóttkví eftir að smit kom upp í liðinu. Og eftir að allt var blásið af aftur segir Rúnar að það hafi verið ákveðið högg. „Þetta er auðvitað búið að vera svolítið sérstakt ár. Það reyndi svolítið á að fara í sóttkví. Það var íþyngjandi þegar allt var stoppað að nýju en við höfum náð að æfa vel og menn virðast vera í góðu standi líkamlega og andlega. Þetta er þó auðvitað erfitt fyrir alla, leikmenn, þjálfara og alla sem koma að þessu. Stuðningsmenn okkar líka, þeir hafa varla náð að sjá okkur."

Þrátt fyrir aðeins sex leiki er engan bilbug á Rúnari og félögum að finna. Hann segir að allir séu tilbúnir í álagið sem fram undan er. „Nú er geggjað skemmtilegur tími fram undan. Brjálað leikjaálag og þá er mikilvægt að vera með sterkan og góðan hóp. Þetta verður leikur, endurheimt, frí, æfing, leikur og endurtekið. Algerlega stórkostlegt og blússandi gleði."

Víðir minnir fótboltamenn að sýna ábyrgð

FÓTBOLTI Víðir Reynisson minnti knattspyrnufólk á að sýna samfélagslega ábyrgð á upplýsingafundi í gær. „Það er verið að veita íþróttamönnum heimild til að stunda sína íþrótt. Þetta er heimild sem er meiri en við höfum og þetta er ábyrgð sem menn verða að sýna," sagði Víðir.

Töluvert hefur verið rætt og ritað um reglur sem íþróttamenn þurfa að fara eftir en þeir þurfa, eins og þjálfarar, dómarar og aðrir starfsmenn liða, að lágmarka samskipti við aðra og forðast fjölmenna staði eins og verslanir, veitingastaði, bíó og skemmtistaði, líkt og annað framlínufólk. Önnur sérsambönd munu trúlega einnig þurfa að fara eftir þessum reglum. Skyldur leikmanna eru orðnar töluverðar. Á æfingum þarf að bera grímu en samt ekki meðan á æfingunni stendur. Sótthreinsa þarf allan búnað í líkamsræktaraðstöðu félaganna og alltaf halda tveggja metra reglunni þar inni. Leikmenn mega ekki deila vatnsbrúsa og á liðsfundum skal notast við andlitsgrímur. Þá má ekki fara í viðtöl við fjölmiðla aðra en sjónvarpsrétthafa nema með fjartækni.

Eftir leiki er ekki lengur matur í boði heimaliðsins heldur þurfa leikmenn sem og aðrir að koma með mat í lokuðum ílátum. Á leikdag þarf helst að koma á sínum einkabíl. Skylda er að vera með grímu í búningsklefa á leikdag og ekki vera inni í klefanum lengur en 30-40 mínútur fyrir og eftir leiki. Engar liðsmyndir eru lengur leyfðar, liðin ganga sitt í hvoru lagi og er bannað að heilsa og óheimilt er að fagna mörkum nema með brosinu einu saman. Alls ekki með snertingu. Þá er bannað að hrækja og markmenn fá ekki að hrækja í hanskana sína. Þá þakka leikmenn ekki fyrir leikinn og takast ekki í hendur eftir leiki. – bb

Það þurfa allir að hlýða Víði. Svo einfalt er það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er verið að veita íþróttamönnum heimild til að stunda sína íþrótt. Þetta er heimild sem er meiri en við höfum og þetta er ábyrgð sem menn verða að sýna**
>
> Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn

Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 14. ÁGÚST 2020

Edda stundar nám í læknisfræði í Slóvakíu. Instagram-reikningurinn kynnir nám læknanema og störf lækna, bæði hér og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samastaður fyrir læknanema

Edda Þórarinsdóttir stofnaði Instagram-síðuna Íslenskir læknanemar, þar sem bæði nemar og sérfræðimenntaðir læknar kynna nám sitt og vinnu. →2

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Edda Þórarinsdóttir er alin upp í Vesturbænum í Reykjavík og stundar nám í læknisfræði í Slóvakíu. Hún stofnaði Instagram-reikninginn Íslenskir læknanemar til að kynna nám læknanema og störf lækna, bæði hér heima og erlendis. Síðan er fyrir alla sem hafa áhuga á læknanámi, læknanema og þá sem hafa áhuga á lífi og störfum lækna.

„Ég fór út í læknisfræðinám fyrir tveimur árum, en þar áður tók ég eitt ár af hjúkrunarnámi á Íslandi. Ég hef svo unnið á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítalans meðfram náminu," segir Edda. „Ég er að fara að hefja þriðja árið í náminu, en alls eru þetta sex ár og svo tekur sérfræðinám við. Það er mismunandi eftir sérhæfingu hvað sá hluti námsins tekur langan tíma, en læknanám tekur yfirleitt 10-14 ár. Nemar í Slóvakíu og Ungverjalandi eru fullgildir læknar þar eftir sex ár, en hér heima þarf fólk að taka kandídatsár og það er mælt með því að við gerum það sama.

Ég fann það þegar ég var yngri að ég hafði mikinn áhuga á mannslíkamanum og hvernig hann virkar og langaði að hjálpa fólki og finna einfaldari lausnir til þess," segir Edda. „Ég tengdi líka alltaf mikið við hvernig læknar starfa og langaði annaðhvort að vera læknir eða ljósmóðir, en fann mig ekki í hjúkruninni."

Í krúttlegum læknabæ

„Það kom mér á óvart hvað það er gaman að búa í Slóvakíu. Landið er fátækt miðað við Ísland, húsin eru fátækleg og það er margt þarna sem er ekki eins og heima, en það er líka margt sem er betra," segir Edda. „Það kemur til dæmis á óvart hvað heilbrigðiskerfið virkar hratt og almennt gerist allt hraðar en heima. Það er líka ódýrara að lifa þarna, sem er er gott fyrir okkur nemana.

Ég bý í litlum bæ sem heitir Martin, sem er krúttlegur og sætur læknabær í 30 mínútna fjarlægð frá þriðju stærstu borg Slóvakíu, sem heitir Zilina. Mér líður vel þarna," segir Edda. „Það eru rosalega margir Íslendingar þar, við erum 160 núna og það eru alltaf fleiri og fleiri að koma út, því það er erfitt að komast inn í læknanámið heima. Norðmennirnir eru síðan enn fleiri, en hér er fólk frá alls konar löndum."

Faraldurinn svipaður og hér

„Ég kom heim til Íslands í mars þegar skólanum var lokað vegna heimsfaraldursins og fjarnám tók

Edda býr í litlum bæ í Slóvakíu sem heitir Martin og líður vel þar. Í þessum krúttlega læknabæ búa 160 íslenskir læknanemar og sífellt bætast fleiri við, því það er erfitt að komast inn í læknanám hér á landi. Í bænum býr fólk frá ýmsum löndum og það eru fleiri Norðmenn en Íslendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég vil hvetja fólk til að fara bara út, taka sénsinn og prófa nám þar, það er ekki heimsendir að komast ekki inn í námið hér.

við. Ég vildi bara fara heim í öryggið," segir Edda. „Faraldurinn hefur ekki farið mjög illa með Slóvakíu, en þetta hefur líka verið tæklað mjög vel. Landamærunum var lokað í mars, svo það lentu sumir í veseni með að komast heim, og verslanir og apótek voru bara opin á ákveðnum tíma. Það er skylda að vera með grímu úti og fólk var í raun sent í smá heimasóttkví og var ekkert á flakki. Fyrir vikið hefur aðeins 31 látist, en í Slóvakíu búa rúmlega fimm milljón manns. Í raun hefur þetta bara verið nokkurn veginn í takt við faraldurinn á Íslandi.

Það er misjafnt hvað faraldurinn hefur haft mikil áhrif á námið hjá fólki, það fer eftir því á hvaða ári það var. En fjarnámskennsla hófst um viku eftir að skólanum var lokað og flestir fyrirlestrar hafa verið rafrænir. Þannig að fólk vann sjálfstætt og það var alltaf hægt að ná í kennarana í gegnum tölvupóst. Lokaprófin voru svo öðruvísi, venjulega eru þau munnleg, en nú voru þrjú af fjórum prófum skrifleg."

Hjálpar fólki að velja nám og sérhæfingu

Edda stofnaði Instagram-síðuna Íslenskir læknanemar fyrir um einu og hálfu ári, þegar hún var hálfnuð með fyrsta árið. „Mér fannst vanta vettvang þar sem fólk gæti kynnst læknanámi betur. Maður heyrir oft af fólki sem veit ekki hvað það vill gera eða hvaða sérhæfingu það vill mennta sig í," segir hún. „Sumir eru svolítið týndir og hafa ekki fengið svör við öllum spurningum sínum þannig að ég vildi búa til stað þar sem fólk gæti fengið betri innsýn í námið. Við birtum upplýsingar um læknanám á mörgum stöðum í heiminum. Við erum með íslenska læknanema sem eru að læra í Danmörku, Kýpur, Slóvakíu, Ungverjalandi, Póllandi, Bandaríkjunum og Íslandi og svo er nemi í Tékklandi sem ég er að reyna að fá inn líka.

Síðan var einnig gerð til að leyfa fólki að kynnast náminu í öðrum löndum og sýna þeim sem eru heima að það er í góðu lagi að fara út í nám," segir Edda. „Ég vil hvetja fólk til að fara bara út, taka sénsinn og prófa nám þar, það er ekki heimsendir að komast ekki inn í námið hér.

Svo er þetta líka skemmtilegt og skapar gott tengslanet," segir Edda. „Þetta er góður miðpunktur fyrir okkur sem erum í læknisfræði og fyrir þá sem hafa áhuga á því. Við viljum koma fólki á sama stað, því við erum öll í sama liði og verðum kollegar í framtíðinni."

Síðan er nú komin með yfir þrjú þúsund fylgjendur. „Það hefur gengið ótrúlega vel og það er gaman að sjá hversu margir hafa áhuga á að fylgjast með. Ég hef líka hitt marga sem tala um síðuna án þess að vita að ég opnaði hana og það er gaman," segir Edda. „Það er líka alls konar fólk sem fylgist með, því fólk hugsar með sér að læknar séu einmitt það fólk sem það leitar til ef því líður illa, þannig að það er gaman að sjá hvernig þau starfa."

Innsýn í störf sérfræðinga

„Það kemur alltaf nýr grammari inn í hverri viku í einn til tvo daga í senn og segir frá sér og sínu. Til að byrja með voru þetta nemar, en svo hafa sérfræðingar komið með í þetta og það hefur verið æðislegt að fá innsýn í störf þeirra," segir Edda. „Við heyrum bæði frá þeim sem eru í sérfræðinámi og útskrifuðum sérfræðingum sem sýna hvernig vinnurútínan þeirra er, hvernig sjúklingum þau sinna, hvað er það besta og versta við starfið og fleira. Ég veit að það hefur hjálpað mörgum að velja sérhæfingu og komast í samband við sérfræðinga sem geta hjálpað þeim.

Í síðustu viku kom Dóra Lúðvíksdóttir lungnasérfræðingur og þar áður kom hann Elfar Úlfarsson heilaskurðlæknir og kynntu þau sitt starf innan Landspítalans. Í þessari viku kemur svo Una Emilsdóttir, sem hefur verið að rannsaka hvernig vörur hafa áhrif á húð og líf fólks, sem er svolítið öðruvísi vinkill og það er gaman að því. Svo koma fleiri í kjölfarið, bæði nemar og sérfræðingar. Það er spennandi vetur fram undan og það eru margir sérhæfðir læknar sem hafa áhuga á að koma," segir Edda. „Ég má samt til með að þakka henni Bryndísi Sigurðardóttur smitsjúkdómalækni. Hún var fyrsti sérfræðingurinn sem kom og var alveg hreint yndisleg, en þá voru ekki komnir margir fylgjendur. En hún kom þessu í gang og svo hefur ekki verið aftur snúið eftir það."

Fimmtudaginn 22. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið

KÓPAVOGUR

Blaðinu er ætlað að kynna Kópavog sem áfangastað fyrir haust komandi, kynna verslun og þjónustu og annað sem Kópavogur hefur upp á að bjóða.

Frábært tækifæri fyrir fyrirtæki í Kópavogi til að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir Íslendingum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: johannwaage@frettabladid.is - Sími 821-2778

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

ToppForm hjá JSB

Komdu í prufutíma!

Allir ToppForm tímar hefjast hjá okkur **17. ágúst** næstkomandi

Við bjóðum þér í fría prufutíma vikuna 17. – 24. ágúst

Innritun á öll námskeið hafin:

24. ágúst byrjar:
ToppForm - fjölbreytilegt æfingakerfi sem kemur þér í þitt besta form

31. ágúst:
TT - aðhaldsnámskeiðin sívinsælu
FitForm - 60+ og 70+ og **nýr tími 50+ kl. 16:30**
Mótun BM - árangursríkir gæðatímar að hætti Báru
Zumba/Jallabina - dansfjör með Huldu
Yoga - líkams- og hugrækt með Gyðu

Hugum vel að sóttvörnum og höldum okkur í formi!

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!

Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nissan Qashqai 4x4. 7/2011 ekinn aðeins 76 þ. Km. Sjálfskiptur. Álfelgur. Gott að setjast inn. Gott viðhald. Verð: 1.790.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Vinnu- og ferðabíll. VW Caddy 2014, 5 manna, 5 gira. díesel.sk.22 Topp eintak. Besta verðið.Verð 850þ. uppl.820-5181

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

PROSTONE

» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin
Örlygshafnarvegur um Látravík, Vesturbyggð
skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **14. september 2020.**

Erum við
að leita **að þér?**

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is

Notað tæki
Tilboð
aðeins kr.
890.000.-
án/vsk

Pizza ofn
45 cm steinbelti

TalForni TSC - Tunnel Stone 32 ofninn er öflugur og eldar beint á steini - hann er góður í pizzur, flatbökur, facaccia, tortillas, bruschetta, kjúklingavængi kjöt osfr.

- Beltabreidd 45 cm
- Hiti allt að 450°C - 12,5 kw - 400V
- Hitastilling fyrir efri og neðri hitara
- Rafræn hraðastilling á færibandi 1-20 mínúta eldunartími
- Allt ríðfrítt stál
- Auðvelt að þjónusta og þrífa

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTIK 5563 #

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUÐ TILBOÐ

VERÐDÆMI

GRACE 160 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

72.220

VERÐ ÁÐUR 106.340

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI

AVIANA 160X200CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

127.168

VERÐ ÁÐUR 187.780

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI

ALPINE PILLOWTOP 183X213 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

222.166

VERÐ ÁÐUR 375.572

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70%

AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

14. ÁGÚST 2020 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1942 Golfsamband Íslands er stofnað.

1946 Fyrsta landflugvélin lendir á Vestmannaeyjaflugvelli.

1951 Lionsklúbbur Reykjavíkur er stofnaður, fyrstur slíkra klúbba á Íslandi.

1959 Alþingi samþykkir breytingu á skipan kjördæma á Íslandi. Þeim er fækkað úr 28 í átta um leið og þingmönnum er fjölgað úr 42 í 60.

1982 Rúvak, Akureyrardeild Ríkisútvarpsins, tekur til starfa.

1999 Byggingu Eyrarsundsbrúarinnar lýkur. Við það tækifæri hittast Friðrik Danakrónprins og Viktoría krónprinsessa, með táknrænum hætti, á miðri brúnni en vígslu er frestað fram á næsta ár.

†

Elskulegur sonur okkar og bróðir,

Magnús Gísli Arnarson

atvinnubílstjóri,
Frakkastíg 12a, Reykjavík,

er látinn.

Guðrún Þóra Magnúsdóttir **Örn Ísleifsson**
Ólafur Örn Arnarson

†

Útför

Heiðveigar Pétursdóttur

fer fram þriðjudaginn 18. ágúst klukkan 13 í Fossvogskirkju.

Þorgerður Þorleifsdóttir
Þorleifur Eiríksson
Sigríður Jakobsdóttir
Pétur Sigtryggsson
Sigtryggur Pétursson
Sigurður Helgason

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Rúnar Óskarsson

löggiltur endurskoðandi,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 11. ágúst.

Ragnheiður H. Sigurðardóttir
Kristján Guðmundsson **Sigrún Hallgrímsdóttir**
Sigurður Guðmundsson **Margrét María Grétarsdóttir**
Guðrún Inga Guðmundsdóttir
og barnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gerður Stefanía Elimarsdóttir

frá Hólmum í Austur-Landeyjum,
Stóragerði 7, Hvolsvelli,

lést laugardaginn 8. ágúst 2020. Útför hennar fer fram frá Stórólfshvolskirkju, laugardaginn 15. ágúst og hefst kl. 13. Vegna samkomutakmarkana geta aðeins allra nánustu aðstandendur verið í kirkjunni, en athöfninni verður útvarpað fyrir þá sem verða í bílum á staðnum.

Kristján Ágústsson
Ágúst Kristjánsson **Gunnhildur Edda Kristjánsd.**
Hrafnhildur R. Kristjánsd. **Fannar Jónasson**
Haukur Guðni Kristjánss. **Guðmunda Þorsteinsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Magnús segir gaman að vera stjórnandi í FÁ – kannski ekki alltaf dans á rósum en mjög gefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fór eiginlega af hótel mömmu yfir á sjóinn

Magnús Ingvason, skólameistari í Fjölbraut Ármúla, á sextugsafmæli á morgun. Ætlaði að halda myndarlega upp á það en verður að fresta því þar til sóttvarnareglur hafa verið rýmkaðar. Hann er ekki á þeim buxunum að láta algerlega hafa af sér gott partí.

Samkvæmt þjóðskrá er Magnús Ingvason fæddur 15. ágúst 1960. Hann stendur því á sextugu á morgun. „Það passar. Það kom að því fyrr en seinna," segir hann, þegar sú fullyrðing er borin undir hann. „Ég var búinn að bjóða þvílíkum hellingi af fólki en varð að fresta öllu þar til síðar. Vil ekki láta taka af mér gott partí enda hef ég haldið ansi vel upp á alla tugina."

Magnús er skólameistari Fjölbrautaskólans í Ármúla og segir það vera frábært – ekki alltaf dans á rósum en mjög gefandi. „Hér er einstaklega skemmtilegur starfsmannahópur og andinn hefur lengi verið góður," útskýrir hann. Nú er hann að undirbúa þriðju haustönnina frá því hann tók við embætti. „Það verður að taka þeim aðstæðum sem uppi eru og vinna samkvæmt þeim. Höfum æfingu frá því í vor. Stöndum ágætlega að vígi líka því þetta er stór fjarnámsskóli. Mannskapurinn hér kann á það fyrirkomulag." Hann segir nemendur við skólann á öllum aldri. „Fólk í bóknámi er í yngri kantinum en í heilbrigðisskólanum, í nuddnámi, tanntækni og lyfjatækni eru mun eldri nemendur. Þar er fólk að koma í skólann sem hefur kannski unnið við fagið í einhver ár en er að ná sér í aukin réttindi."

> **Svo er ég með jakkafatablæti og á átján mismunandi litskrúðug föt, bæði einlit og með alls konar fígúrum, myndasögum og fleiru.**

Inntur eftir uppruna kveðst Magnús borinn og barnfæddur Reykvíkingur. „Ég ólst upp í Fossvoginum meira og minna. Fór svo að heiman og þá að kenna. Það var nú bara tilviljun. Ég var tvítugur, nýbúinn með framhaldsskólann og var að spá í hvað ég ætti að gera. Frétti að það væri hægt að komast í kennslu úti á landi og setti nafnið mitt í einhvern pott í menntamálaráðuneytinu, til í að gera ýmislegt. Til allrar hamingju var hringt í mig af Skaganum og þar var ég í þrjú verulega góð ár áður en ég fór í nám til Bandaríkjanna í fjölmiðlafræði. Var á Bylgjunni og Rás 2 í einhver ár eftir heimkomuna og fór svo að kenna fjölmiðlafræði í FB, var í því í tuttugu ár og svo fimm ár aðstoðarskólameistari við sama skóla."

Magnús hafði reyndar viðkomu á sjónum líka. „Ég fór eiginlega af hótel mömmu yfir á sjóinn, það voru talsverð viðbrigði en þroskandi að hafa migið í saltan sjó. Ég var fyrst á fiskibátnum Fram sem var gerður út frá Sandgerði á vetrarvertíð, síðan á togaranum Þorláki frá Þorlákshöfn og svo fór ég túr með Jökulfellinu í millilandasiglingu, svo þetta varð ágætur þverskurður. Sjóhraustur? Já, ég á skemmtibát með félaga mínum. Við vorum að koma honum í gang með nýrri vél, eigum eftir að sigla honum um sundin blá og kannski fiska í soðið."

Áhugamál Magnúsar eru fleiri – og margvísleg eins og hann lýsir sjálfur. „Ég var í oldboys-fótbolta og er í golfi núna. Hef líka gaman af tónlist, spila á gítar með hljómsveit hér í skólanum sem heitir Úff! og var líka í hljómsveit í FB. Svo er ég með jakkafatablæti og á átján mismunandi litskrúðug föt, bæði einlit og með alls konar fígúrum, myndasögum og fleiru. Fyrstu skærlitu jakkafötin keypti ég á Flórída, laxableik. Svo hefur þetta undið upp á sig. Nemendur hafa mjög gaman af þessu. Það þýðir ekki að taka sjálfan sig alltof alvarlega, það er lykilatriði í þessu lífi að hafa svolítið gaman." **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 14. ÁGÚST 1982

Furstahjónin í Mónakó komu til Íslands

Rainier III., fursti af Mónakó, og eiginkona hans, Grace Kelly leikkona, komu í heimsókn til Íslands þennan dag árið 1982, ásamt börnum sínum tveimur, Carolinu og Albert, og fylgdarliði. Þau ferðuðust hingað með franska skemmtiferðaskipinu Mermoz.

Um tvö þúsund Íslendingar söfnuðust saman í Sundahöfn til að fagna þessum frægu gestum. Er þeir stigu frá borði fóru þeir fyrst í

Rammagerðina við Hafnarstræti og síðan í útsýnisferð um Reykjavík, þar sem meðal annars var komið við á Árbæjarsafni. Um kvöldið heimsótti furstafjölskyldan Vigdísi Finnbogadóttur forseta.

Daginn eftir var farið í skoðunarferð upp að Laxá í Kjós, til Þingvalla og að Laugarvatni, Gullfossi og Geysi.

Sléttum mánuði síðar fórst Kelly í bílslysi.

ht.is

RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Suðvestan 8-13 og létt-skýjað í dag en hvassari norðantil og austan Öræfa. Hiti yfirleitt 10 til 15 stig, en 15 til 22 stig austanlands.

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	13	9	16	20	15	6
m/s	5 ↗	16 ↗	10 ↗	4 ↗	6 →	11 ↑

Laugardagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	12	6	13	18	15	8
m/s	5 ↑	2 ↙	1 ↙	2 ↙	2 ↑	8 ↑

Sunnudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	13	13	17	16	11	14
m/s	5 ↖	1 ↙	1 ↙	2 ↖	3 ←	5 ↑

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

MIÐLUNGS

3	7				8		5	
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2				9			3	
		8	6			9		2
	5		4				7	

ÞUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5			1			

Krossgáta

LÁRÉTT
1. með
5. verkfæri
6. són
8. vöndull
10. líka
11. gönuhlaup
12. þófta
13. ánægja
15. guðaveig
17. tjón

LÓÐRÉTT
1. hvatning
2. glumdi
3. regla
4. gimsteinn
7. árstíð
9. þrykkja
12. óregla
14. skagi
16. til

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: 1 ásamt, 5 sög, 6 óm, 8 knippi, 10 og, 11 ras, 12 sess, 13 unun, 15 nektar, 17 skáli.
LÓÐRÉTT: 1 áskorun, 2 söng, 3 agi, 4 topas, 7 missери, 9 prenta, 12 sukk, 14 nes, 16 að.

Skák

Gunnar Björnsson

Ding Liren (2.791) átti leik gegn Magnús Carlsen (2.863) í loka-móti mótasyrpu Magnúsar.

26. Hxe8! Hfxe8 27. Rg6 Kxh7 28. Rf8+! Kxh6 (28...Kg8 29. Dh7+ Kf8 30. Bxg7 Dxg7 31 Hf1+). **29. Dh7+ Kg5 30. Dh4+ Kf5 31. Df4# 1-0.**
Magnús mætir Hikaru Nakamura í úrslitum sem hefjast í dag kl. 14. Ólympíumótið í netskák hefst í dag. Veislan verður í beinni á skak.is

www.skak.is: Ólympíumótið í netskák

Hvítur á leik

7	8	3	4	9	5	2	1	6
6	9	2	7	3	1	5	8	4
1	4	5	2	6	8	3	7	9
2	6	8	5	1	9	4	3	7
3	7	1	6	2	4	8	9	5
4	5	9	3	8	7	1	6	2
8	3	4	9	7	2	6	5	1
5	1	7	8	4	6	9	2	3
9	2	6	1	5	3	7	4	8

7	1	5	8	2	9	6	4	3
8	4	6	5	7	3	2	9	1
3	2	9	4	6	1	5	7	8
1	9	7	3	4	5	8	2	6
2	3	8	9	1	6	7	5	4
5	6	4	7	8	2	1	3	9
6	5	2	1	3	4	9	8	7
9	7	3	6	5	8	4	1	2
4	8	1	2	9	7	3	6	5

9	7	5	1	3	4	6	8	2
6	8	3	5	2	9	7	1	4
2	1	4	6	7	8	9	3	5
5	4	8	7	6	1	3	2	9
1	6	2	8	9	3	4	5	7
7	3	9	2	4	5	8	6	1
8	2	7	4	5	6	1	9	3
4	9	1	3	8	2	5	7	6
3	5	6	9	1	7	2	4	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Finnst sjálfsagt að tala um kvíðann

Egill Helgason ræðir æskuna, fjölskylduna, ferilinn, baráttuna við kvíða og þunglyndi og veiruna sem heltekið hefur heiminn.

Hlaupa til góðs

Þó að Reykjavíkurmaraþoni hafi verið aflýst eru hlauparar hvattir til að reima á sig hlaupaskóna og láta um leið gott af sér leiða eins og fyrri ár. Forseti Íslands, **Guðni Th. Jóhannesson**, skorast ekki undan enda vanur hlaupari sem tekið hefur þátt í maraþoninu 17 sinnum.

Geimvísindi flókin pólitík

Þær **Björg Alfa Björnsdóttir, Hugrún Hanna Stefánsdóttir** og **Sigrún María Jónsdóttir** starfa allar fyrir Geimvísinda- og tækniskrifstofu Íslands og segja það oft koma fólki á óvart hversu jarðbundið starfið sé.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins eða á slóðinni www.frettabladid.is/frettaskot.

Greiðum **5.000 kr.** fyrir fréttina ef hún birtist í Fréttablaðinu og **10.000 kr.** ef hún birtist á forsíðu blaðsins!



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Ég held að ég sé alvöru súrrealisti

Brynja Hjálmsdóttir er ljóðskáld og bóksali. Segir það vera kúnst að finna réttu bókina fyrir rétta fólkið. Er ekki hrifin af bókum um löggur. Vinnur að ljóðabók.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Alltaf er gott að gleyma sér í góðri bók, ekki síst núna á COVID-tímum. Bókabúðirnar eru opnar og í einni þeirra, Eymundsson á Skólavörðustíg, vinnur ljóðskáldið Brynja Hjálmsdóttir. Hún hefur unnið sem bóksali frá árinu 2015 þegar hún lauk BA-námi í kvikmyndafræði og málvísindum.

Spurð hvort hún finni mikinn mun á bóksölu fyrir COVID og nú á COVID-tímum segir hún: „Það kom mun færra fólk inn í búðina þegar höftin voru hvað mest. Það var líka breyting á því hvað fólk var að kaupa, þá ruku föndurbækur og púsl út. Núna er hins vegar hin klassíska sumarverslun í gangi, fólk er að fá sér kiljur og kaupir kannski fjórar í einu af því að það er að fara í ferðalag. Glæpasögurnar eru afskaplega vinsælar en ég sakna þess að ekki sé meira af gamansögum. Bók Sophie Kinsella, Mitt ófullkomna líf, á samt að vera nokkuð fyndin."

Sjón í stað Yrsu

Brynja segir fólk leita eftir ráðgjöf starfsfólks. „Það er mikið um það, sem er mjög skemmtilegt. Fólk vill gjarnan fá meðmæli, sérstaklega varðandi barnabækur og kiljur, en þar er hægt að velja úr miklum fjölda. Það er kúnst að finna réttu bókina fyrir rétta fólkið og þá þarf maður oft að setja sinn eigin persónulega smekk til hliðar. Ég sá einu sinni mann mæla með því að viðskiptavinur, sem sagðist vilja eitthvað líkt Yrsu Sigurðardóttur, keypti Sjón. Það hentaði sennilega ekki viðkomandi."

Í bókabúðum Eymundsson eru sérdeildir með erlendum bókum. „Það er mjög klárt fólk sem sér um að panta erlendu bækurnar og þar getur maður alltaf fundið eitthvað spennandi bara með því að skoða. Fólk sem kaupir erlendu bækurnar er kannski yfir höfuð ævintýragjarnt. Það kaupir bækur sem enginn sem það þekkir hefur lesið. Þeir sem kaupa þýddu bækurnar og íslensku bækurnar fara hins vegar oft eftir meðmælum vina sinna."

> **ÉG ÞEKKI NOKKRA BÓKSALA SEM HAFA GEFIÐ ÚT BÆKUR OG AFGREITT Í BÚÐ ÞAR SEM BÓK ÞEIRRA ER TIL SÖLU. ENGINN ÞEIRRA ER AÐ MÆLA MEÐ SINNI BÓK.**

Brynja segist lesa allt mögulegt. „Ég les langar skáldsögur og ljóðabækur. Þegar ég vil lesa eitthvað léttara leita ég í hryllingsbókmenntir og hef mjög gaman af Stephen King. Ég er ekki hrifin af bókum um löggur, ég veit ekki af hverju, ég kemst aldrei almennilega inn í þær. Ég les mikið af unglingabókum, sérstaklega unglingafantasíum. Bækur Hildar Knútsdóttur, Nornin og Ljónið, eru ótrúlega góðar og ég bíð spennt eftir þriðju bókinni í seríunni."

Hún segist síðast hafa verið að lesa Booker-verðlaunabókina Girl, Woman, Other eftir Bernardine Evaristo. „Ég fylgist með Booker-verðlaununum, bækurnar sem vinna þau eru alltaf góðar. Þannig uppgötvaði ég Han Kang frá Kóreu, höfund bókarinnar Grænmetisætunnar. Hún er í hópi minna uppáhaldshöfunda, hún kom hingað á bókmenntahátíð og ég fékk áritun í bækurnar mínar sem ég var alveg himinlifandi með."

Er að vinna að ljóðabók

Brynja var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna fyrir fyrstu ljóðabók sína, Okfrumuna, sem kom út í fyrra og hlaut verðlaun bókasala fyrir þá bók. Hún segist alltaf vera að skrifa. „Ég er að vinna að annarri ljóðabók og öðru verkefni sem er leyndarmál."

Spurð hvort hún sæki í eigin reynslu í ljóðum sínum segir hún: „Eins og flest ljóðskáld blanda ég minni reynslu við skáldskap og fantasíu. Ég held að ég sé alvöru súrrealisti, gæti alveg samþykkt öll súrrealísk manifestó."

Sem bóksali hefur hún selt sína eigin bók í bókabúðinni. „Mér fannst það óskaplega vandræðalegt. Ég var ekki að segja fólki frá því að ég væri höfundurinn. Ég þekki nokkra bóksala sem hafa gefið út bækur og afgreitt í búð þar sem bók þeirra er til sölu. Enginn þeirra er að mæla með sinni bók. Bókin er þarna og fólk kaupir hana ef það vill."

„Ég er ekki hrifin af bókum um löggur," segir Brynja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krot og Krass með listamannaspjall

Tvíeykið Krot og Krass, þau Björn Loki og Elsa Jónsdóttir, verða með listamannaspjall á sýningu sinni Múrverkið/The Concrete is Abstract, á fyrstu hæð Ásmundarsalar í dag, föstudaginn 14. ágúst, kl. 17.00. Þar fjalla þau um tilurð sýningarinnar sem inniheldur bæði myndverk, skúlptúra og bókverk. Spjallið fæst svo milli staða en sýningin er staðsett á þremur stöðum í Reykjavík, Ásmundarsal, Kárastíg 1 og Brautarholti 2.

Í verkunum sækja Elsa og Loki, eins og í flestum fyrri verka sinna, í íslenskan menningararf; Höfðaletur. Höfðaletur er eina sérislenska leturgerðin og kom hún fram á 16. öld. Loki og Elsa leggja nú stund á að endurhefja þessa sérstöku hefð og byggja ofan á hana.

Elsa og Loki verða með listamannaspjall í dag.

> **Í VERKUNUM SÆKJA ELSA OG LOKI, EINS OG Í FLESTUM FYRRI VERKA SINNA, Í ÍSLENSKAN MENNINGARARF.**

Síðastliðinn vetur dvöldu þau Elsa og Loki á vinnustofu í Lyon í Frakklandi. Þangað var þeim boðið til að vinna bókverk sem er myndræn rannsóknarskýrsla. Listamennirnir unnu með það að leiðarljósi að skapa sinn fyrsta þrívíða hlut: múrsteininn. Í framhaldi af útkomu bókarinnar sýndu þau verk sín í Lyon við góðar undirtektir. Hluta þeirrar sýningar má nú sjá á veggjum Reykjavík Roasters í Brautarholti 2 og á Kárastíg 1.

– kb

10-11

LÆGRA VERÐ
Á HEIMILISVÖRUM

MYLLAN HEIMILISBRAUÐ 770G
439
KR/STK
570 KR/KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG
279
KR/STK
279 KR/KG

SMJÖRVI 400G
577
KR/STK
1443 KR/KG

FLORIDANA APPELSÍNU EÐA EPLASAFI 1L
179
KR/STK
179 KR/L

GÓÐOSTUR SNEIÐAR 26% 330 G
795
KR/STK
2409 KR/KG

GEVALIA KAFFI 500 G
659
KR/STK
1318 KR/KG

STJÖRNU-EGG STÓR 816 G
579
KR/STK
710 KR/KG

MS LÉTTMJÓLK D-VÍTAMÍNBÆTT 1 L
195
KR/STK
195 KR/L

netgíró

10-11: Austurstræti 17 • Laugavegur 116 • Aðalstræti 6-8

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bærinn minn (e) Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Saga og samfélag (e) Þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005
13.25 Sagan bak við smellinn - I've Had the Time of My Life
13.55 Landvarðalíf Þingvellir & landvættirnir
14.00 Upplýsingafundur Almannavarna
14.30 Gettu betur 2010 Fjölbrautaskóli Suðurlands - Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
15.30 Bækur sem skóku samfélagið
15.40 Sögur frá landi
16.10 Litla Moskva
17.15 Ólympíukvöld ÓL 1996
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Bitið, brennt og stungið
18.45 Verkstæðið Búum til tjald
18.50 Landakort Vitinn á Selskeri
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn Stutt umfjöllun Sumarlandans sem verður á flakki í sumar og hittir landann fyrir uppi á fjöllum, úti í garði, á tjaldsvæðinu, vinnustaðnum, hjólastígnum og víðar. Umsjónarmenn: Gísli Einarsson, Guðríður Helgadóttir, Hafsteinn Vilhelmsson, Helga Margrét Höskuldsdóttir og fleiri.
19.40 Íslenskt grínsumar. Tvíhöfði Sögufrægir grínþættir frá þeim félögum Jóni Gnarr og Sigurjóni Kjartanssyni sem upphaflega voru sýndir í Dagsljósi þar sem þeir voru vikulegir gestir.
20.00 Íslenskt grínsumar. Ligeglad
20.30 Séra Brown Father Brown Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna. Aðalhlutverk: Mark Williams.
21.15 Jerry Maguire Jerry Maguire
23.30 Trúður Klovn
23.55 McMafía McMafia
00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Wyndham Championship á PGA mótaröðinni.
11.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Celtic Classic á Evrópumótaröðinni.
13.00 PGA Highlights 2020
14.00 European Tour 2020 Bein útsending frá Celtic Classic á Evrópumótaröðinni.
17.00 PGA Special. Tiger Tales
18.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Wyndham Championship á PGA mótaröðinni.
22.00 LET Tour 2020 Útsending frá Ladies European mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 90210
13.45 The Cool Kids
14.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Fam
19.30 Black-ish
20.00 Ást
20.25 Pabbi skoðar heiminn
21.00 Nancy Drew
21.50 Charmed
22.35 Love Island
23.30 Star
00.15 Hawaii Five-0
01.00 Blue Bloods
01.45 The Act
02.40 Godfather of Harlem
03.40 City on a Hill
04.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar Kongóstyrjaldirnar miklu
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður (49 af 80)
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Millispil
17.00 Fréttir
17.03 Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns Aðdragandinn að opnum Heiðmerkur
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Dægursöngvar á íslensku
19.45 Lofthelgin
20.35 Miðjan og jaðarinn Augnablikið
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (17 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 20th Century Woman
12.50 Justice League vs. the Fatal Five
14.05 Shallow Hal
15.55 20th Century Woman
17.50 Justice League vs. the Fatal Five
19.05 Shallow Hal
21.00 Water for Elephants
22.55 The Spy Who Dumped Me
00.50 Opening Night
02.10 Water for Elephants

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Í eldhúsi Evu
10.35 Út um víðan völl
11.05 Jamie's Quick and Easy Food
11.30 Dýraspítalinn
12.00 Splitting Up Together
12.35 Nágrannar
12.55 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
13.45 The Trip to Spain
15.25 The Best Exotic Marigold Hotel
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Tala saman
19.35 Britain's Got Talent 14
20.45 The Goldfinch
23.15 Aquaman
01.35 Halloween
03.15 A Vigilante

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.05 United Skates
23.05 Major Crimes
23.45 Schitt's Creek
00.10 American Dad
00.30 Bob's Burgers
00.50 Friends
01.15 Friends
01.40 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Mjólkurbikarmörkin
10.10 Spænsku mörkin
11.05 Ítalska úrvalsdeildin - uppgjörsþáttur
11.55 Atalanta - PSG
13.40 Fylkir - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
15.25 Pepsi Max Mörkin Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max-deild kvenna auk þess sem rætt er vítt og breitt um knattspyrnu kvenna.
16.25 Pepsi Max Stúkan Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max-deildar karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports. Öll helstu málefni deildarinnar eru krufin til mergjar, umdeildustu atvikin skoðuð sem og glæsilegustu tilþrifin.
17.45 KR - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
20.05 Shaktar Donetsk - Basel
21.45 Wolves - Sevilla
23.30 Stjarnan - Grótta

STÖÐ 2 SPORT 2

09.35 Shaktar Donetsk - Basel
11.20 Wolves - Sevilla
13.00 Barcelona - Napoli
14.45 Bayern Munchen - Chelsea
16.25 Leipzig - Atletico Madrid
18.05 Meistaradeildarmörkin
18.30 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Barcelona - Bayern Munchen Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 PDC Home Tour 2 Útsending frá sérstakri keppni bestu pílukastara heims.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Í KVÖLD 19:10

Tala saman

Jóhann Kristófer og Lóa Björk einsetja sér það markmið að gera besta sjónvarpsþátt í heimi.
Til að ná markmiðum sínum fá þau til sín reynslubolta úr faginu til að læra af og þiggja góð ráð.
Mun þeim takast ætlunarverk sitt með allan þennan lærdóm í farteskinu og viljann að vopni?
Að senda út lokaþátt bestu þáttaraðar í heimi í beinni útsendingu?

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Túrkislitaðir eyrnalokkar frá Chanel í stíl við hjólið.
MYNDIR/GETTY

Nathalie Fanj með einstaklega flotta og stóra eyrnalokka sem algjörlega taka heildar-útlitið á næsta stig.

Neon-litaðir eyrnalokkar geta glætt allan klæðnað lífi.

Áberandi eyrnalokkar

Nú er aðaltrendið að vera með flotta og áberandi eyrnalokka, hvort sem það er við jogginggalla eða skyrtu og gallabuxur.

Áberandi og flottir eyrnalokkar eru vinsælir um þessar mundir ef eitthvað má marka erlendu tískublöðin. Þá er það sérstaklega vinsælt að klæða upp mjög hversdagsleg föt eins og íþrótta- og æfingaföt með glitrandi eyrnalokkum. Það er líka fullkomin leið til þess að taka klassíska skyrtu og uppáhaldsgallabuxurnar upp á næsta stig. Hvort sem þeir eru stórir, litríkir eða glitrandi: svo framarlega sem þeir eru áberandi.

steingerður@frettabladid.is

Listrænn stjórnandi Rotate, Þóra Valdimarsdóttir, með æðislega eyrnalokka.

Elena Perminova á tískuvikunni í París.

Tískudrottningin Alexandra Lapp með áberandi en örugglega þunga eyrnalokka.

Einstaklega flottir gylltir eyrnalokkar og taska frá Bottega Veneta.

SALTVATNS - POTTAR

- NOTA SALT Í STAÐ KLÓRS
- HÚÐ MÝKRI
- UMHVERFISVÆNT
- NÁTTÚRULEGT
- 100% SJÁLFHREINSANDI POTTTAR
- RAFMAGNSNOTKUN
  PR. MÁN. C.A. 3000 KR.

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

FISKRÉTTUR DAGSINS

1.790 kr/kg

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1

OPIÐ 10-18
LAUGARDAGA 10-15

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

Daði Freyr hefur undanfarið verið búsettur í Kaupmannahöfn í Danmörku. MYND/BERGLAUG GARÐARSDÓTTIR

Saumar fyrir sárin

Í dag kemur út lagið Voulez-Vous með **Dady**, Helga B og Svölu Björgvinsdóttur. Daði vinnur nú að gerð plötunnar Hvítir hrafnar.

Daði Freyr Ragnarsson hefur undanfarin fjögur ár gefið út tónlist undir nafni Dadykewl. Hann gefur í dag út lagið Voulez-Vous með Svölu Björgvinsdóttur og Helga B. Daði er búsettur í Kaupmannahöfn og finnst hann vera búinn að þroskast frá listamannsnafninu. Núna er hann bara Dady.

„Þetta byrjaði á því að ef ég var uppnefndur eða kallaður eitthvað annað en Daði þá hljóp fólk oftast í „daddy cool“. Ég sat svo einn daginn og var að búa til Spotify-reikning með sirka þrjá hlustendur mánaðarlega og skaut bara á þetta. Smá „fokk jú“-putti á fólk sem kallaði mig „daddy cool“ í æsku. Ég bjóst aldrei við því að einhver myndi vilja hlusta á tónlistina mína og hvað þá að ég yrði í þessari stöðu sem ég er í dag,“ segir Daði Freyr.

Hann segist hafa þroskast mikið þegar það kemur að tónlistarsköpun.

„Tónlistin sem ég er að semja núna á svo miklu betra skilið en að standa undir nafni með orðinu „kewl“ í sér. Ég var líka orðinn mjög þreyttur á að stafa nafnið fyrir fólk sem hafði aldrei heyrt um mig áður og ákvað að létta aðeins á nafninu,“ segir hann.

Engin U-beygja

Fyrir Daða var það strax ljóst hvert nýja listamannsnafnið skyldi vera.

„Ég heiti Daði og bý í Danmörku og er kallaður Dady hérna, af kennurum mínum, samstarfsmönnum og svo heiti ég það líka í augum stjórnvalda. Ég vildi líka ekki taka einhverja bilaða U-beygju fyrir fólk sem hlustar á mig, svo það gæti nú fundið mig.“

Hann segist lengi vel hafa óttast að breyta listamannsnafninu.

„Ég var skíthræddur um að týnast í völundarhúsinu sem internetið er og missa alla hlustendur mína.“



> **ÉG BJÓST ALDREI VIÐ ÞVÍ AÐ EINHVER MYNDI VILJA HLUSTA Á TÓNLISTINA MÍNA OG HVAÐ ÞÁ AÐ ÉG YRÐI Í ÞESSARI STÖÐU SEM ÉG ER Í DAG.**

Daði spilaði á trompet í æsku.

„Síðan færðist ég yfir í tölvutónlist, þegar ég heyrði Alive 2007 með Daft Punk í fyrsta skipti.“

En hefur þú alltaf verið tónelskur?

„Ég fer og fór ekki í sturtu án þess að syngja.“

Daði er í hljómsveitinni Samasem með Marteini Hjartarsyni.

„Ég og Marteinn Bngrboy slógum saman járnum árið 2016 og unnum plötuna Hrjúft silki saman. Samasem er í dag í smá pásu vegna þess að við erum staddir sitt á hvorum staðnum á jörðinni sem hentar ekki alveg tónlistarsköpun okkar.“

Ný plata

Daði er núna að vinna í nýrri plötu sem hefur fengið heitið Hvítir hrafnar.

„Á henni reyni ég að sauma fyrir gömul sár í staðinn fyrir að vera alltaf að strá salti í þau. Það er oft þannig að einu minningarnar sem maður man eru þær slæmu. Þess vegna hef ég sett mér þá reglu að reyna að muna héðan í frá bara góðu minningarnar. Að búa í Danmörku gefur manni mikinn tíma til naflaskoðunar,“ segir hann.

Daði segir það erfitt að ræða nákvæmlega um hver þau flóknu viðfangsefni sem hann er að reyna að takast á við með gerð plötunnar nákvæmlega séu.

„Þetta er byggt á hlutum sem mér finnst mjög erfitt að tala um. Ég trúi að list eigi stundum, ef ekki alltaf, að vera þannig. Fólk verður síðan bara að rýna í textana til að finna þessi gömlu sár,“ segir hann.

Hvaðan kemur nafnið Hvítir hrafnar?

„Þetta kemur frá orðasambandinu „sjaldséðir hvítir hrafnar“, það er orðrómur um að þeir séu drepnir við fæðingu út af því að þeir eru öðruvísi. Sjónarhorn plötunnar er eins og maður sé venjulegur í mjög skrítnum heimi, eins og þessum hröfnum mögulega líður. Hrafnar eru með gott skopskyn líka, mér líkar almennt mjög vel við hrafna,“ segir hann.

Svala svölust

Sjálfur er hann með eigin lausn á þeim vandamálum sem hann upplifir.

„Ég sem tónlist og ákveð síðan þegar ég er búinn með lagið að málið sé leyst og held síðan blindur áfram út í lífið til að gera sömu mistök aftur og aftur,“ segir Daði.

Það var enginn spurning hjá Daða og Helga að Svala væri sú rétta til að syngja með í Voules-Vouz.

„Svala er ein besta söngkona Íslands og sjúklega svöl. Ég lít upp til hennar, og hennar ferils. Það að hún vildi vera með mér og Helga í þessu lagi er mikill heiður.“

Voulez-Vous er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

ALLAR TÖSKUR Á 30% AFSLÆTTI!

LÁTTU SJÁ ÞIG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP! EKKI MISSA AF ÞESSU!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir til og með 17. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR ÁRMÚLA 42

Úrval nýrra og notaðra bóka!

OPIÐ mán.-lau. kl. 11-18

Bókakaffið

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar

Deilt og drottnað

Ég veit ekki hvort það er til marks um aukinn pirring í samfélaginu að skákmenn séu farnir að lenda í handalögmálum eða hvort við séum loksins að átta okkur á hvers konar töffarar skákmenn eru í raun og veru. Hvað þýðir Sikileyjarvörn í alvöru? Ég vil varla vita það.

Auðvitað er margt til að pirra sig á þessa dagana. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan það var sól upp á dag og enginn með smit í landinu. Nú hættir ekki að rigna og kórónaveiran er komin aftur.

Til að innsigla hvað veiran er mikill óvinur þjóðarinnar valdi hún að koma um verslunarmannahelgina, þegar Íslendingar eiga stjórnarskrárvarinn rétt til þess að öskursyngja í návígi. Og rétt eins og alvöru illmenni deilir veiran og drottnar, stillir okkur upp við vegg og lætur okkur taka afstöðu til alls konar erfiðra álitaefna.

Á að loka landinu en missa ferðamennina? Eða hafa allt opið til að halda atvinnulífinu gangandi? Veiran virðist sjá við öllu. Nýsjálendingar lokuðu landinu en fengu samt veiruna aftur í vikunni. Í Svíþjóð, sem lokaði nánast engu, er hagkerfið hins vegar í niðursveiflu rétt eins og annars staðar. Á kannski að fara blandaða leið?

Ég veit hreinlega ekki hvort við séum yfirhöfuð í stakk búin til að svara svona stórum og flóknum spurningum. Við getum ekki sinni fundið út úr því hvaðan sónninn á Akureyri kemur. Ég sá í fréttum að starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins fyrir norðan er kominn í málið. Ég hlakka mikið til þegar þessi norðlenski Hercule Poirot boðar alla bæjarbúa saman í lokaatriðinu og upplýsir málið. Þegar það er frá verða okkur allir vegir færir.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Kvikk ON THE GO | ORKAN

SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

Stillanlegt **SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL** er vandað heilsurúm í fimm stjörnu hótel-rúmalínunni frá Serta. Rúmunum fylgir metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í nýrri íslenskri þýðingu en höfundurinn, dr. Matthew Walker, er væntanlegur til Íslands í haust sem aðalfyrirlesari ráðstefnu um mikilvægi svefns. **BETRA BAK** mun draga út 10 kaupendur **VIVANT SPLENDID ROYAL** rúma sem munu fá aðgangskort að ráðstefnunni.

VIVANT SPLENDID ROYAL heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og laga það fullkomlega að þér. Þráðlaus fjarstýring kemur þér í þá stöðu sem best hentar þér.

Virkilega góður stuðningur er við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði gerir svefnstellingu þína eins náttúrulega og mögulegt er. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni, millistífa og stífa (medium og firm), allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf og vinnur vel á móti fjöðruninni í botninum og dýnunni. Yfirdýnan er gerð úr kaldpressuðum svampi.

Höfðagaflinn er fágaður og stílhreinn, 120 cm hár. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið en hvort tveggja er selt sér.

Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT HEILSURÚM

(dýna, botn, fjarstýring, gafl og lappir)

Stærð	Fullt verð	Með 15% afslætti
160 x 200 cm	499.900 kr.	**424.915 kr.**
180 x 200 cm	599.900 kr.	**509.915 kr.**
180 x 210 cm	609.900 kr.	**518.415 kr.**
200 x 200 cm	659.900 kr.	**560.915 kr.**

Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á **Serta Vivant Splendid Royal** stillanlegum rúmum. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Verðmæti: 3.490 kr.

Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Hann er aðalfyrirlesari ráðstefnu sem haldin verður í Eldborgarsal Hörpu 19. október nk. þar sem farið verður ítarlega yfir mikilvægi svefns fyrir einstaklinginn, fyrirtæki og samfélagið í heild.

Dregið verður úr nöfnum þeirra sem kaupa **Vivant Splendid Royal** rúm og munu 10 heppnir kaupendur fá aðgangskort á ráðstefnuna.

Verðmæti: 29.900 kr.

Verð- og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477

DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100

SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK